

ÁRSSKÝRSLA 2016



EFNISYFIRLIT

YFIRLIT UM STARFSEMI SJÓÐSINS

Þjónusta og upplýsingamiðlum í forgangi	3	Innlend hlutabréf	15
Fylgstu með og stjórnaðu ferðinni	4	Dreift eignasafn á litlum markaði	16
Viðburðir, verðlaun og auglýsingar	5	Erlendar eignir	17
Yfirlit um starfsemi sjóðsins	6	Erlend hlutabréf	18
Ávöxtunarleiðir	7	Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa	19
Stjórn og endurskoðunarnefnd	8	Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa	20
Starfsfólk og skrifstofa	9	Tryggingafræðileg staða	21
Ávöxtun 2016	10	Hagstæð lífeyrisréttindi	22
Fjárfestingarumhverfið 2016	11	Rekstrarkostnaður	23
Fjárfestingarstefna 2017	12	Lán til sjóðfélaga	24
Eignasamsetning	13	Lífeyrisgreiðslur	25
Skuldabréf	14		

ÁRSREIKNINGUR

Skýrsla stjórnar	27
Áritun óháðs endurskoðanda	29
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	31
Efnahagsreikningur	32
Sjóðstreymisyfirlit	33
Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs	34
Skýringar	41
– Kennitölur	59
– Áhættustýring og umfang áhættu	71
Selected financial information	76

FYLGISKJÖL

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu 2017	84
Útdráttur úr áhættustefnu 2017	87
Stjórnarháttayfirlýsing	88

Til þess að fara aftur í efnisyfirlit, smellið á táknid neðst í hægra horni síðu 



ÞJÓNUSTA OG UPPLÝSINGAMIÐLUN Í FORGANGI



GOTT ÚTSÝNI

Útsýnið af 5. hæð í Borgartúni 25, þar sem skrifstofa Almenna er til húsa, er þess virði að sjá. Sjóðfélagar eru alltaf velkomnir á skrifstofuna á afgreiðslutíma sjóðsins en vissara er þó að panta tíma ef undirbúnings er þörf til dæmis fyrir lánaviðtal eða stöðufund.

GÓÐ ÞJÓNUSTA, GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Almenni lífeyrissjóðurinn leggur mikla áherslu á að veita góða þjónustu og gagnlegar upplýsingar. Sjóðfélagar geta nýtt sér þjónustu sjóðsins á sjóðfélagavefnum, á www.almenni.is, með samskiptum í tölvupósti, símtali eða heimsókn á skrifstofu sjóðsins.

VELKOMIN Í BORGARTÚN 25

Skrifstofa sjóðsins er á 5. hæð í Borgartúni 25 og er opin virka daga frá kl. 9.00 til 16.00.

Smelltu **hér** til að skoða staðsetninguna á korti. Á skrifstofunni er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Hægt er að panta tíma eða mæta hvenær sem er á afgreiðslutíma sjóðsins og óska eftir viðtali.


Almenni lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að veita góðar upplýsingar. Markmiðið er að hver og einn sjóðfélagi geri sér grein fyrir stöðu sinni í lífeyrismálum. Lögð er áhersla á að sjóðfélagar skoði stöðu sína nógu snemma á ævinni þannig að hægt sé að bregðast við ef breytinga er þörf.

- Stöðufundir eru einkafundir sjóðfélaga með ráðgjafa þar sem farið er ítarlega yfir lífeyrismál hans. Smelltu **hér** til að bóka stöðufund.
- Viðtöl og símtöl. Ráðgjafar Almenna lífeyrissjóðsins eru til taks ef sjóðfélaga vantar upplýsingar eða ráðgjöf sem hægt er að veita í síma, á styttri fundum eða í tölvupósti. Síminn er 510 2500 og netfangið almenni@almenni.is.
- Frá árinu 1998 hafa upplýsingar um inneign og réttindi verið aðgengilegar á læstum sjóðfélagavef. Þessi þjónusta hefur verið í stöðugri þróun og á árinu 2015 var opnaður nýr sjóðfélagavefur þar sem stigið var stórt

framfaraskref. Hægt er að komast inn á sjóðfélagavefinn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum.

- Yfirlit. Árlega sendir sjóðurinn yfirlit til sjóðfélaga með stöðu um áramót og ávöxtun ársins á undan. Um mitt ár sendir sjóðurinn yfirlit yfir hreyfingar á fyrri helmingi ársins til virkra sjóðfélaga. Við mælum með því að sjóðfélagar afþakki að fá yfirlit í pósti enda eru þau aðgengileg á sjóðfélagavefnum og þar er einnig hægt að sjá uppfærða stöðu lífeyrismála.
- Á opna vefnum okkar **www.almenni.is** eru birtar gagnlegar upplýsingar, fræðslugreinar, fréttir, spurningar og svör um lífeyrismál.

FYLGSTU MEÐ OG STJÓRNAÐU FERÐINNI



FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR

Á sjóðfélagavef Almenna geta sjóðfélagar séð upplýsingar um stöðu sína og stýrt sínum lífeyrismálum á einfaldan hátt. Nánari upplýsingar og kynningarmyndbönd um sjóðfélagavefinn er að finna **HÉR** á sérstakri upplýsingasiðu.

GÓÐUM VEF VEL TEKIÐ

Árið 2016 var fyrsta heila árið sem nýr sjóðfélagavefur Almenna var í notkun. Óhætt er að segja að reynslan af honum hafi verið góð. Vefurinn auðveldar sjóðfélögum að skoða stöðu sína og stýra eigin lífeyrismálum. Lögð var áhersla á myndræna framsetningu við hönnun og að hægt væri að nota vefinn í snjalltækjum jafnt sem venjulegum tölvum. Vefurinn hefur að geyma margar nýjungar, sem allar miða að því að veita sem gleggstar upplýsingar á myndrænu og aðgengilegu formi.

Meðal nýjunga er að hægt er að framkvæma aðgerðir s.s. skipta um ávöxtunarlífið, gera samning um viðbótarlífeyrissparnað eða sækja um útgreiðslur úr lífeyrissjóði með rafrænum skilríkjum.

Sjóðfélagavefurinn hefur hlotið góðar viðtökur. Á fyrsta heila árinu sem vefurinn var í notkun var hann heimsóttur yfir 20.000 sinnum af minnst 5.000 sjóðfélögum og fjöldi aðgerða var framkvæmdur á vefnum. Sjóðfélagavefurinn hefur einnig vakið athygli út fyrir landssteinana en fagtímaritið European Pensions tilnefndi vefinn meðal nýjunga síðasta árs í lífeyrisþjónustu í Evrópu auk þess sem sjóðfélagavefurinn átti drjúgan þátt í að fagtímaritið IPE (Investments & Pensions Europe) valdi Almenna besta lífeyrissjóð í Evrópu á almennum markaði.

2.780 AUFÖKKUÐU PAPPÍR

Á árinu 2016 stóð Almenni fyrir átaki þar sem sjóðfélagar voru hvattir til að afpakka að fá yfirlit send á pappír. Sjóðfélagar tóku hvatningunni vel en í árslok höfðu 2.780 sjóðfélagar afpakkað pappírinn.

VEFUR Í STAÐ PAPPÍRS

Almenni hvetur sjóðfélaga áfram til að fylgjast með inneign og réttindum á sjóðfélagavefnum. Með því er stuðlað að umhverfisvernd auk þess að spara pappír og kostnað. Þegar sjóðfélagavefurinn opnast birtist gluggi þar sem hægt er að haka við og afpakka yfirlit. Full ástæða er til að hvetja sjóðfélaga til að nota sjóðfélagavefinn enn frekar til að glöggva sig á stöðu sinni.

VIÐBURÐIR, VERÐLAUN OG AUGLÝSINGAR



VEL SÓTTIR FUNDIR

Auk hefðbundinna fræðslu- og kynningarfunda sem dreifðust yfir árið hélt sjóðurinn tvo opna fundi. Sá fyrri var haldinn í febrúar þar sem fjallað var um lán, endurfjármögnun og fasteignamarkaðinn. Í nóvember hélt sjóðurinn opinn fund undir yfirskriftinni „Fyrstu skref að fyrstu fasteign“ í samstarfi við Viðskiptablaðið. Á fundinum var fjallað um þýðingu nýrra laga um stuðning við kaup á fyrstu fasteign og spáð í spilun um verðþróun á fasteignamarkaði. Um leið var kynnt til sögunnar ný ávöxtunarleið, Húsnæðissafn, sem Almenni stofnaði eftir að lögin voru samþykkt. Málefnið vakti greinilega áhuga en á þriðja hundrað manns komu á fundinn og fylltu hvert sæti í Pingsal Hótelis Natura, þar sem fundurinn var haldinn.

Í FREMSTU RÖÐ Í EVRÓPU


Samkvæmt fagfyrirspá Investment & Pensions Europe er Almenni besti lífeyrissjóðurinn í Evrópu á almennum markaði. Auk þess valdi tímaritið Almenna besta sjóðinn í Evrópu meðal þjóða með færri en milljón íbúa annað árið í röð. Í umsögn dómnefndar kemur fram að Almenni bjóði einstaklingsmiðaða og metnaðarfulla þjónustu sem nýti sér allt frá einstaklingsráðgjöf til sjóðfélagavefs til að gera sjóðfélögum kleift að taka upplýstar ákvarðanir og stýra sínum málum. Þessar viðurkenningar, auk tilnefningar sjóðfélagavefsins sem besta nýjung síðasta árs í Evrópu, eru sjóðnum heiður og hvatning til að halda áfram að veita sjóðfélögum góða þjónustu.

ALMENNI Í SJÓNVARPI

Á árinu 2016 auglýsti Almenni í fyrsta sinn í sjónvarpi. Í apríl voru gerðar þrjár stuttar sjónvarpsauglýsingar og samhliða voru gerðar útvarpsauglýsingar. Þegar Húsnæðissafnið var kynnt til sögunnar í nóvember var ákveðið að gera fjórðu sjónvarpsauglýsinguna.



YFIRLIT UM STARFSEMI SJÓÐSINS



EIGNIR UM 184,9 MILLJARÐAR

Hrein eign til greiðslu lífeyris Almenna lífeyrissjóðsins var um 184,9 milljarðar króna í árslok 2016 og stækkaði sjóðurinn um rúma 10,8 milljarða á árinu eða 6,2%. Sjóðfélagar í árslok voru 42.644.

ALMENNI

Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga. Lífeyrissjóðir þessara stétta hafa sameinast Almenna lífeyrissjóðnum og greiða félagar þeirra lágmarksiðgjöld í hann. Sjóðurinn hentar einnig þeim sem geta valið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða lágmarksiðgjaldið sem og þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.


IÐGJALD

Lágmarksiðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn er 12% af launum og skiptist þannig að 4% greiðast í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð. Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Viðbótariðgjald (iðgjald umfram 12% af launum) er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.

FORVERAR ALMENNA

Almenni lífeyrissjóðurinn samanstendur af átta lífeyris-sjóðum sem hafa sameinast á mismunandi tímum. Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands er elstur þessara sjóða en hann var stofnaður árið 1965. Þeir lífeyrissjóðir sem sameinast hafa í Almenna lífeyrissjóðinn eru (stofnár í sviga): ALVÍB (1990), Lífeyrissjóður arkitekta (1967), Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga (1998), Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF (1968), Lífeyrissjóður FÍH (1970), Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna (1977), Lífeyrissjóður lækna (1967) og Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands (1965).

ÁVÖXTUNARLEIÐIR



SKIPTING EIGNA

Í árslok 2016 voru 52% eigna í séreignarsjóði og 48% í samtryggingarsjóði. Ævisafn II er stærsta ávöxtunarleið séreignarsjóðs og Innlánaðsafnið er næst stærst.

BLANDAÐUR LÍFEYRISJÓÐUR

Almenni lífeyrissjóðurinn er blandaður lífeyrissjóður að því leyti að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd í bæði samtryggingar- og séreignarsjóð.

SÉREIGNARSJÓÐUR

Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga greidd á sérreikning hans ásamt ávöxtun ár hvert. Inneign sjóðfélaga í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Inneignin erfist við fráfall. Ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs eru sjö. Þær eru Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn langt, Ríkissafn stutt, Húsnæðissafn og Innlánaðsafn. Ævisafn I, II og III eru blönduð verðbréfasöfn með innlánum, skuldabréfum og hlutabréfum. Innlánaðsafnið

fjárfestir eingöngu í innlánum, Ríkissafn langt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með löngum meðaltíma og Ríkissafn stutt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með stuttum meðaltíma og innlánum. Húsnæðissafnið fjárfestir í veðtryggðum skuldabréfum, ríkisskuldabréfum og innlánum.

SAMTRYGGINGARSJÓÐUR

Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum frá 70 ára aldri, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri til eftirlifandi maka og barna við fráfall.

- Sjóðfélagar geta hafið töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 72 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur ef sjóðfélagi missir starfsgetu,

verður fyrir tekjumissi og orkutap er metið 50% eða meira.

- Makalífeyrir er greiddur úr samtryggingarsjóði í 30 mánuði við fráfall sjóðfélaga og lengur ef yngsta barn sjóðfélaga er yngra en 20 ára.
- Sjóðurinn greiðir tvöfalt hærri barnalífeyri en lágmarkslífeyri samkvæmt lögum og fjórfalt hærri barnalífeyri eigi barn látns sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og breytast mánaðarlega í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.



STJÓRN OG ENDURSKOÐUNARNEFND



AÐALSTJÓRN ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2016

Fremri röð frá vinstri:
Sigurjón, Davíð og Ólafur.

Aftari röð frá vinstri:
Ástríður, Sigríður og Hulda
Rós

STJÓRN SJÓÐSINS

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum, kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru þrír. Á hverju ári eru kosnir tveir aðalmenn í stjórn og einn varamaður.

STJÓRNARFUNDIR

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til.

Á tímabilinu frá mars 2016 til mars 2017 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda.

STJÓRN 2016

Aðalmenn:
Ólafur H. Jónsson, formaður
Ástríður Jóhannesdóttir, varaformaður
Davíð Ólafur Ingimarsson
Hulda Rós Rúriksdóttir
Sigríður Sigurðardóttir
Sigurjón H. Ingólfsson

Til vara:
Anna Karen Hauksdóttir
Pétur Þorsteinn Óskarsson
Ragnur Torfi Geirsson

* Kosin til eins árs

Kosin/n á ársfundi
2014
2015
2016
2015
2014
2016
2016*
2015
2016

ENDURSKOÐUNARNEFND

Samkvæmt samþykktum sjóðsins skipar stjórn þriggja manna endurskoðunarnefnd til eins árs. Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins auk þess að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Í endurskoðunarnefndinni árið 2016 til 2017 sitja Gísli Hlíðberg Guðmundsson, formaður, Eiríkur Þorbjörnsson og Davíð Ólafur Ingimarsson.



STARFSFÓLK OG SKRIFSTOFA



GÓÐVIÐRISDAGUR VIÐ SJÓINN

Fremri röð frá vinstri: Amalía, Jóna Margrét, Lóa, Una, Kristín, Helga, Pórhildur, Jóna Bergþóra og Halldór. Efri röð frá vinstri: Gunnar, Kristjana, Sigríður, Ólafur, Sigurður, Eiríkur, Daníel og Grétar. Á myndina vantar, Önnu, Árnýju, Ásgerði, Brynju Margréti, Evu Ósk og Sigrúnu.

VERIÐ VELKOMIN Í BORGARTÚN 25

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 25, Reykjavík. Skrifstofan er opin virka dag frá kl. 9–16 en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum.

RÁÐGJAFAR OG MÓTTAKA

Ráðgjafar sjóðsins eru fjórir og geta sjóðfélagar leitað til þeirra um sérhæfða þjónustu og ráðgjöf um lífeyrismál.

Pórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri	thorhildur@almenni.is
Ásgerður Hrönn Hafstein, ráðgjafi	asgerdur@almenni.is
Brynja Margrét Kjærnested, ráðgjafi	brynja@almenni.is
Eiríkur Jónsson, ráðgjafi	eirikur@almenni.is
Eva Ósk Eggertsdóttir, ráðgjafi	eva@almenni.is
Halldór Bachmann, kynningarstjóri	halldor@almenni.is
Jóna Margrét Sigurðardóttir, bakvinnsla lána	jona@almenni.is
Sigrún Erlendsdóttir, móttaka	sigrun@almenni.is

IÐGJALDA- OG LÍFEYRISDEILD

Iðgjalda- og lífeyrisdeild sér um skráningu iðgjalda og greiðslu lífeyris.

Amalía Berndsen, deildarstjóri	amalia@almenni.is
Anna Guðmundsdóttir, iðgjaldaskráning	anna@almenni.is
Árný Benediktsdóttir, innheimta	arny@almenni.is
Una Hafðís Hauksdóttir, lífeyrir	una@almenni.is

EIGNASTÝRING

Eignastýringarteymi sjóðsins sér um stýringu eigna sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstjóri stýrir störfum teymisins.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri	kristjana@almenni.is
Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri	helga@almenni.is
Grétar Már Axelsson, sjóðstjóri	gretar@almenni.is

BÓKHALD

Bókhaldsdeild sér um daglegt bókhald, mánaðarlegar afstemmingar, skýrslur og árlegt uppgjör sjóðsins.

Jóna Bergþóra Sigurðardóttir, sérfræðingur	jonab@almenni.is
Kristín Sigurgeirsdóttir, sérfræðingur	kristin@almenni.is

REKSTUR OG ÖNNUR VERKEFNI

Daglegur rekstur og verkefni sem tengjast öllum starfsmönnum og deildum.

Daníel Arason, rekstrarstjóri	daniel@almenni.is
Lóa Rún Kristinsdóttir, gjaldkeri	loa@almenni.is
Ólafur Heimir Guðmundsson, áhættustjóri	olafur@almenni.is
Sigurður Kári Tryggvason, lögfræðingur	sigurdur@almenni.is
Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri	sigridur@almenni.is
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri	gunnar@almenni.is



Ávöxtun í %	Ávöxtun 2016		Ávöxtun sl. 5 ár	
	nafnávöxtun	raunávöxtun	nafnávöxtun	raunávöxtun
Ævisafn I	-0,5	-2,5	9,0	6,2
Ævisafn II	0,9	-1,1	8,2	5,4
Ævisafn III	3,9	1,8	6,4	3,7
Samtryggingarsjóður	2,7	0,6	8,1	5,3
Innlánasafn	4,2	2,0	4,7	2,0
Ríkissafn langt	4,9	2,8	4,4	1,7
Ríkissafn stutt	5,3	3,1	4,4	1,7

ÁVÖXTUN SÍÐUSTU ÁRA

Taflan sýnir nafn- og raun-ávöxtun síðasta árs og síðustu fimm ára.

ÁVÖXTUN 2016

Styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á árinu 2016 hafði mikil áhrif á ávöxtun safna Almenna sem fjárfesta í erlendum verðbréfum, þ.e.a.s. Ævisafn I, II, III og samtryggingarsjóð. Íslenska krónan styrktist um 12,9% gagnvart Bandaríkjadal og um 15,7% gagnvart evru á árinu. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 7,5% í USD en styrking krónunnar varð til þess að ávöxtun mæld í íslenskum krónum var neikvæð um 6,4%. Raunávöxtun hefur verið góð undanfarin ár og síðastliðin fimm ár hefur hún verið 3,7% til 6,2% í blönduðum söfnum, 1,7% í báðum ríkissöfnum og 2,0% í Innlánasafninu.

BLÖNDUÐ SÖFN

Blandaðar ávöxtunarleiðir þ.e. Ævisafn I, II, III og samtryggingarsjóður liðu fyrir styrkingu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Ávöxtun innlendra hlutabréfaeignar

Almenna var með ágætum á sl. ári og hækkaði safnið um 9,4% en til samanburðar lækkaði heildarvísitala hlutabréfa Kauphallarinnar um 4,7%. Ævisafn III hækkaði mest af blönduðu verðbréfasöfnunum á árinu 2016 eða um 3,9%, samtryggingarsjóður um 2,7%, Ævisafn II um 0,9% en Ævisafn I rak lestina og lækkaði um 0,5% enda er hlutfall erlendar eignar hæst í því safni.

RÍKISSAFN LANGT

Ríkissafn langt hækkaði um 4,9% á árinu. Ávöxtunarkrafa langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa breyttist lítið á árinu. Vaxtatekjur og verðbólga ársins skýra því hækkun safnsins að mestu leyti þetta árið, en verðbólga ársins var 2,1%.

RÍKISSAFN STUTT

Ríkissafn stutt hækkaði mest árið 2016 eða um 5,3% á

árinu sem samsvarar 3,1% raunávöxtun. Ávöxtun safnsins skýrist af ávöxtun stuttra óverðtryggðra ríkisskuldabréfa og lágrí verðbólgu.

VERÐTRYGGÐ INNLÁN


Innlánasafnið hækkaði um 4,2% á árinu sem samsvarar 2,0% raunávöxtun. Safnið ávaxtar eignir sínar á bundnum innlánsreikningum og vógu verðtryggð innlán um 92% af eignum í árslok.

GÓÐ LANGTÍMAÁVÖXTUN

Frá árinu 1990 hefur meðalraunávöxtun samtryggingarsjóðs verið 4,5% á ári að jafnaði eða um 1 prósentustigi yfir 3,5% ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða. Á sama tíma var meðalraunávöxtun Ævisafns II 4,0% en safnið hóf ekki að fjárfesta í hlutabréfum fyrr en árið 1998.



FJÁRFESTINGARUMHVERFIÐ 2016



VÍSITÖLUR OG HRÁVÖRUR

Góður gangur var í helstu hagkerfum heimsins og hagtolur þróuðust með jákvæðum hætti. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 7,5% í USD talið en lækkaði um 6,4% í ISK vegna styrkingar krónunnar.

FJÁRFESTINGAUMHVERFIÐ 2016

Ólíuverð, óvæntar niðurstöður kosninga og vaxandi áskoranir í alþjóðastjórnsmálum voru meðal helstu drifkrafta á mörkuðum árið 2016. Ólíuverð náði botni á fyrrihluta ársins og tók þá að hækka nokkuð skarpt. Bretland kaus að ganga úr Evrópusambandinu í svokölluðum Brexit-kosningum um mitt ár. Niðurstaðan kom verulega á óvart og hristi upp í mörkuðum sem þó jöfnuðu sig hratt. Þá kom kosning Donald Trump í embætti forseta Bandaríkjanna í nóvember ekki síður á óvart. Í kjölfarið hafa togast á skattalækkanir, vonir um betri viðskiptakjör og tilslakanir í efnahagslífinu á móti minnkandi alþjóðaviðskiptum, óvissu um framtíð viðskiptasamninga, vaxandi pólitískum óróa og ótta við einangrunarstefnu. Kosnið var til þings á Íslandi og tók ný ríkisstjórn við í árbyrjun 2017. Auknar heimildir íslenskra lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis

og mikill vöxtur í sjóðfélagalánum drógu úr eftirspurn á innlendum verðbréfamörkuðum.

ERLENDIR MARKAÐIR

Erlendir markaðir sýndu jákvæða ávöxtun heilt yfir en hækkun hrávöruverðs, einkum olíu, og ágætur hagvöxtur drifu markaði áfram. Rússar hafa notið hækkandi ólíuverðs og sama gildir um hrávöruframleiðendur. Kínverjum gengur ágætlega að stýra breytingum í sínu hagkerfi. Í Evrópu hafði Brexit mikil áhrif en álfan er enn að vinna sig út úr evru-krísunni. Bjartýnin hefur fylgt mörkuðum inn í árið 2017 en undirliggjandi eru áhyggjur af versnandi samskiptum þjóða.

ÍSLAND

Efnahagsþróun á Íslandi var með ágætum, hagvöxtur var góður, og ekkert lát var á komum erlendra ferðamanna

til landsins. Verðbólga hefur verið undir markmiði Seðlabankans og byggir það helst á mikilli styrkingu krónunnar og hagstæðum viðskiptakjörum. Raungengið hefur hækkað skarpt og skerðir það samkeppnishæfni Íslands, ekki síst í ferðaiðnaði sem er helsti drifkraftur hagvaxtar. Þrátt fyrir verulega losun gjaldeyrishafta, þar sem lífeyrissjóðir hafa til að mynda fengið heimild til að fjárfesta erlendis fyrir 100 ma.kr. á árinu 2017, þá er útlit fyrir að krónan haldi áfram að styrkjast. Á hinn bóginn hefur staðan á vinnumarkaði þróast í neikvæða átt, laun hafa hækkað hratt, atvinnuleysi er lítið og pensluáhrifa farið að gæta. Skuldsetning heimila og fyrirtækja er hófleg og er útlit fyrir kröftugan vöxt einkaneyslu á næstu misserum. Heilt yfir eru bjartar hagvaxtarhorfur á Íslandi og byggja þær einna helst á áframhaldi vexti og fjárfestingu í ferðamannaíðnaði.

FJÁRFESTINGARSTEFNA



FJÁRFESTINGARSTEFNA 2017

Efnisyfirlit

- I. Almenni lífeyrissjóðurinn
 - II. Söguleg ávöxtun
 - III. Vænt ávöxtun og framreikningur
 - IV. Fjárfestingarstefna 2017
 - V. Viðmið
 - VI. Áhættustefna – útdráttur
- Reglur um lán til sjóðfélaga
Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Ítarleg stefna

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins er aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

NÝ FJÁRFESTINGARSTEFNA

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti í nóvember fjárfestingarstefnu fyrir árið 2017. Í henni eru upplýsingar um uppbyggingu Almenna lífeyrissjóðsins og er fjallað um samtryggingarsjóð og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs. Farið er yfir sögulega ávöxtun verðbréfa og fjallað um samspil ávöxtunar og áhættu. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er sett fram fjárfestingarstefna fyrir allar ávöxtunarleiðir og fjárfestingarheimildir. Sérstakur kafli er um viðmið við kaup á verðbréfum og einnig útdráttur úr áhættustefnu lífeyrissjóðsins.

HELSTU BREYTINGAR FRÁ FYRRI STEFNU


Ný séreignarleið hefur litið dagsins ljós, **Húsnæðissafn**. Safnið hentar þeim sem vilja nýta séreignarsparnað til að safna fyrir kaupum á fyrstu fasteign og/eða greiða inn á fasteignalán. Vægi einstakra flokka skuldabréfa í fjárfestingarstefnunni hefur verið breytt, m.a. til samræmis við vægi þessara útgefenda á skuldabréfamarkaði. Þannig hefur hlutfall veðskuldabréfa (sjóðfélagalána) og sértryggðra skuldabréfa fjármálastofnana verið aukið. Á móti lækkar m.a. hlutfall ríkisskuldabréfa. Þessar breytingar endurspeglar þá breytingu sem orðið hefur á íbúðalánamarkaði. Bætt hefur verið við umfjöllun um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og tilgreint með hvaða hætti lífeyrissjóðurinn fylgir eftir þeirri stefnu.

ÁHÆTTUSTÝRING

Áhættustýring sjóðsins byggir m.a. á leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu frá FME. Kafli VI um áhættustefnu (útdráttur) er uppfærður með hliðsjón af uppfærðri áhættustefnu sjóðsins sem samþykkt var af stjórn lífeyrissjóðsins í nóvember 2016.



EIGNASAMSETNING



EIGNIR OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

Vægi erlendra verðbréfa í ævisöfnum og samtryggingarsjóði er minna en stefnt er að í fjárfestingarstefnu sjóðsins og á móti er vægi innlendra skuldabréfa hærra. Vegna gildandi gjaldeyrishafta hefur ekki verið unnt að ná stefnu um erlend verðbréf, en frá miðju ári 2015 hefur Seðlabankinn veitt lífeyrissjóðum undanþáguheimildir til erlendra fjárfestinga og vonir standa til að á því verði framhald á næstu árum.

UNDIRVIGT Á ERLENDUM HLUTABRÉFUM

Vægi erlendra hlutabréfa í Ævisöfnum I, II, III og í samtryggingarsjóði er minna en stefnt er að í fjárfestingarstefnu. Samkvæmt stefnu eru erlend hlutabréf stærsti hlutinn af hlutabréfum sjóðsins þar sem ekki er hægt að ná fullnægjandi áhættudreifingu á innlendum hlutabréfamarkaði. Vegna gjaldeyrishafta hefur sjóðurinn ekki getað náð stefnu um erlend hlutabréf. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur litið á gjaldeyrishöftin sem tímabundin og hefur því ekki breytt stefnu um erlendar fjárfestingar þrátt fyrir höft. Nú hafa aðstæður breyst til batnaðar og á miðju ári 2015 fengu lífeyrissjóðir undanþáguheimild til nýfjárfestinga erlendis í fyrsta sinn í 7 ár. Á árunum 2016 og 2017 hefur Seðlabanki Íslands veitt lífeyrissjóðum frekari undanþáguheimildir til erlendra

fjárfestinga. Þessar heimildir eru takmarkaðar við ákveðnar hámarksfjárhæðir en vonir standa til þess að framhald verði á erlendum fjárfestingarheimildum. Um er ræða mikilvæg skref í losun gjaldeyrishafta.

ERLEND VERÐBRÉF AUKA ÁHÆTTUDREIFINGU

Almenni lífeyrissjóðurinn stefnir að því að auka vægi erlendra verðbréfa í samræmi við fjárfestingarstefnu og nýta undanþáguheimildir til erlendra fjárfestinga. Með því að fjárfesta í erlendum verðbréfum dreifist áhættan á fleiri hagkerfi en það íslenska sem er bæði smátt og einsleitt.

VAL UM ÁVÖXTUNARLEIÐ Í SÉREIGN


Iðgjöld í séreignarsjóð eru greidd í ávöxtunarleið samkvæmt vali sjóðfélaga. Sjóðfélagar geta hvenær sem er skipt um ávöxtunarleið og valið þá leið sem hentar

þeim best. Ráðgjafar sjóðsins eru tilbúnir að veita nánari upplýsingar og aðstoða við val á ávöxtunarleið. Hægt er að velja á milli þriggja ávöxtunarleiða sem fjárfesta í hlutabréfum, skuldabréfum og innlánum (ævisöfn), tveggja ríkisskuldabréfasafna, Innlánaðsafs og Húsnæðissafs (fjárfestir í skuldabréfum og innlánum).

SÖFN MEÐ GÓÐRI EIGNADREIFINGU

Ráðgjöf Almenna lífeyrissjóðsins er að blönduð og vel dreifð verðbréfasöfn séu góður kostur fyrir lífeyrissparnað, veiti góða áhættudreifingu og skili bestu ávöxtuninni til lengri tíma. Í efnahagsáföllum hefur komið í ljós mikilvægi þess að vera með vel dreifð eignasöfn. Mikilvægt er að dreifa fjárfestingum á milli innlána, skuldabréfa og hlutabréfa og einnig á milli ólíkra landa og hagkerfa.

SKULDABRÉF



* Um er að ræða meðalnafnávöxtun í stutta ríkissafninu

STÆRSTI EIGNAFLOKKURINN

Innlend skuldabréf eru stærsti eignaflokkurinn í ávöxtunarleiðum lífeyrissjóðsins. Vægi ríkisskuldabréfa í ævisöfnum og samtryggingarsjóði er nokkuð hátt og skýrist það af markaðsaðstæðum.

INNLEND SKULDABRÉF

Skuldabréfin eru annars vegar markaðsskuldabréf sem oftast bera fasta vexti og hins vegar sjóðfélagalán sem eru ýmist með föstum eða breytilegum vöxtum. Skuldabréfin eru að stærstum hluta verðtryggð nema ríkisskuldabréf í stutta ríkissafninu. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ævisafn I, II og samtryggingarsjóði er hátt eða á bilinu 93–95%. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ævisafni III er um 74% og safnið fjárfestir jafnframt í verðtryggðum innlánnum. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ríkissafni löngu er um 97% og í Ríkissafni stuttu er um 6%.

RÍKISSKULDABRÉF VEGA PUNGT

Innlend ríkisskuldabréf vega enn þungt í ævisöfnum og samtryggingarsjóði eða tæplega helming af skuldabréfaeign.

Á undanförunum árum hefur vægi annarra skuldabréfa þó aukist nokkuð á móti minnkandi vægi ríkisskuldabréfa.

HAGSTÆÐ SJÓÐFÉLAGALÁN

Vægi sjóðfélagalána hefur aukist undanfarin misseri í skuldabréfasöfnum sjóðsins með aukinni eftirspurn sjóðfélaga eftir húsnæðislánum. Sjóðfélagar eiga kost á að fá hagstæð lán hjá sjóðnum og sjóðurinn fær á móti stöðuga ávöxtun. Á liðnum áratugum hafa heimtur sjóðfélagalána verið góðar. Einstaklingar eru almennt góðir greiðendur og sjóðurinn fer fram á fasteignaveð til tryggingar greiðslu.

BINDITÍMI OG MEÐALÁVÖXTUN

Meðaltími skuldabréfa segir til um hversu lengi höfuðstóll er bundinn að jafnaði og er vísbending um verðnæmni skuldabréfa ef markaðsvextir breytast.


Meðalávöxtun segir til um meðalávöxtunarkröfu skuldabréfa og er vísbending um hvaða ávöxtun söfnin geta gefið í framtíðinni ef markaðsvextir haldast óbreyttir.

SKULDABRÉFAMARKAÐUR

Innlendur skuldabréfamarkaður skilaði ágætri ávöxtun yfir árið, sérstaklega löng óverðtryggð skuldabréf. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti um alls 0,75% í tveimur vaxtaákvörðunum og verðbólga hélst undir verðbólguþröngum. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur lækkaði mikið á árinu, eða um allt að 1% til skamms og meðallangs tíma og er til marks um aukinn trúverðugleika peningastefnu Seðlabankans.



INNLEND HLUTABRÉF



ÁHÆTTUDREIFING

Myndin sýnir vægi 10 stærstu félaga í innlenda hlutafjár safni Almenna. Samtals vega 10 stærstu eignirnar 74,3%, næstu 10 vega 18,5% og minni eignir 7,1%. Aukið vægi Eikar í safninu yfir árið skýrist einvörðungu af góðri ávöxtun eignarhlutarins.

INNLEND HLUTABRÉF

Innlend hlutabréfaeign telur bæði skráð og óskráð hlutabréf. Hlutafjáreignir Almenna skiluðu 9,4% heildarávöxtun yfir árið 2016 en þar af skiluðu skráðar hlutafjáreignir 8,2% heildarávöxtun. Ávöxtun ársins var langt umfram viðmiðunarvísitölur en úrvalsvísitalan skilaði -6,9% og vísitala aðallista kauphallarinnar -4,7% heildarávöxtun.

HELSTU BREYTINGAR 2016

Á árinu 2016 var aðeins eitt félag, Skeljungur, skráð á markað. Helstu áhrifavaldar á verðþróun voru áframhaldandi fjölgun ferðamanna, styrking íslensku krónunnar, stórauðnar fjárfestingar lífeyrissjóða í sjóðfélagalánum og í erlendum eignum og miklar launahækkunar á innlendum vinnumarkaði.

Fjárfest var í innlendum hlutabréfum fyrir 2,0 ma.kr. á árinu 2016, 80% þeirra fjárfestinga voru í skráðum hlutabréfum og 20% í óskráðum. Áhersla var á að fjárfesta í Marel og Icelandair til að minnka undirvigt félaganna í safni Almenna. Á móti fjárfestingum vóg að sjóðurinn seldi hlutabréf í Símanum og tók á móti arði og lækkun hlutafjár félaga fyrir alls um 2,1 ma.kr. Hlutafjáreignir Almenna námu alls 18,9 mö.kr. í árslok og skýrir verðhækkun eignarhluta nær alla þá 2 ma.kr. hækkun sem varð á safninu yfir árið.

AUKIÐ VÆGI

Almennni lífeyrissjóðurinn hefur aukið vægi innlendra hlutabréfa í söfnum lífeyrissjóðsins jafnt og þétt frá árinu 2012 og er það 4% til 12% fyrir blönduð söfn skv. fjár-


festingarstefnu 2017. Stýring safnsins fer að mestu leyti fram í virkri stýringu hjá eignastýringu sjóðsins. Í árslok nam hlutafjáreign 18,9 mö.kr. og voru innlend hlutabréf þá í um 17% yfirvigt miðað við fjárfestingarstefnu ávöxtunarleiða. Yfirvigt innlendra hlutabréfa stóð lítið breytt frá upphafi árs.

ÁHÆTTUDREIFING Í LOKUÐU KERFI

Við stýringu innlendra hlutafjáreigna er lögð áhersla á áhættudreifingu innan okkar lokaða hagkerfis. Við stýringuna er horft til undirliggjandi áhættu af rekstri eða eignum hlutafjáreigna og reynt að dreifa henni á útgefendur, atvinnugreinar og markaðssvæði. Með þessu er verið að leitast við að lágmarka sértæka áhættu. Skráð hlutafélög vógu 73% af hlutafjár safni Almenna í árslok 2016.



DREIFT EIGNASAFN Á LITLUM MARKAÐI



VÆNTINGAR FYRIR 2017

Helstu markaðir hafa farið vel af stað á árinu 2017. Eftir áralangt tímabil peningaprentana Seðlabanka Bandaríkjanna og Evrópu er hagvöxtur loksins tekinn að glæðast. Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti um 0,25% undir lok árs 2016 og boðar frekari hækkunir á þessu ári. Á sama tíma heldur Seðlabanki Evrópu áfram að auka peningamagn í umferð með skuldabréfakaupum. Markaðir tóku vel í kjör Trump í embætti forseta og er nú beðið eftir að hann hrindi í framkvæmd þeim kosningaloforðum sem líkleg eru til að auka arðsemi þarlandra fyrirtækja.

Á alþjóðavettvangi er stærsta áskorunin versnandi samskipti þjóða og minnkandi alþjóðaviðskipti auk vaxandi misskiptingar á heimsvísu. Kosning Trump og útganga Breta úr Evrópusambandinu hafa hrist upp í rótgrónum bandalögum

og ógnar valdajafnvægi. Mikilvægar kosningar fara fram í Pýskalandi, Frakklandi og Hollandi á árinu og kunna niðurstöður þeirra að valda enn meiri glundroða á mörkuðum. Ágætar horfur eru um ávöxtun á erlendum mörkuðum á árinu en óvissan er talsverð, ekki síst pólitísk. Aðrir áhrifapættir sem munu hafa áhrif á fjárfestingar ársins til lengri tíma eru m.a. umhverfispættir, samfélagsleg ábyrgð, hækkandi meðalaldur próaðra ríkja og áhrif hraðrar framþróunar stafrænna lausna á vinnumarkað og atvinnulíf.

Íslenska hagkerfið siglir seglum þöndum og eru góðar horfur um hagvöxt næstu misserin. Helstu forsendur eru frekari fjölgun erlendra ferðamanna og vaxandi kaupmáttur. Raungengi krónunnar hefur hækkað mikið og er útlit fyrir að sú þróun haldi áfram að óbreyttu. Verðbólgan hefur haldist undir markmiðum Seðlabankans og skýrist það helst af nafngengisstyrkingu krónunnar og hagstæðum

SUNDURLIÐUN EIGNA

Myndin sýnir sundurliðun á undirliggjandi áhættu á atvinnugreinar í innlendu hlutabréfasafni Almenna lífeyrissjóðsins. Horft er í gegnum sjóði í sundurliðuninni.

viðskiptakjörum. Óvíst er hvert stefnir með stýrivexti Seðlabankans en þrátt fyrir öfluga innlenda eftirspurn er ekki útilokað að slakað verði á peningalegu aðhaldi. Skuldsetning er heilt yfir hófleg, bæði hjá heimilum og fyrirtækjum, og eykur það viðnámsþrótt í hagkerfinu og hefur hagkerfið full tækifæri til að sækja fram eftir því sem tækifæri skapast.


HORFUR Í REKSTRI INNLENDRA FYRIRTÆKJA

Horfur eru á ágætri rekstrarafkomu fyrirtækja á Íslandi á árinu 2017 og spáð er góðum hagvexti sem drifinn verði áfram af einkaneyslu og fjárfestingu atvinnuvegganna.

Almennt eru innlend fyrirtæki í fjárfestingarmengi sjóðsins fjár hagslega sterk og hafa lagt áherslu á að skila verðmæta- aukningu til hluthafa, m.a. með arðgreiðslum. Verði ekki stórvægilegar breytingar á ytra umhverfi félaga þá eru ágætar horfur um rekstur innlendra félaga á árinu 2017.



ERLENDAR EIGNIR




Eignir

Stærstu flokkar	%	ma.kr.
Skráð hlutabréf	88,6	37
Ríkisskuldabréf	2,6	1
Framtakssjóðir	5,9	2
Laust fé	2,8	1
	100,0	42

HLUTFALL ERLENDRA EIGNA Í ÁVÖXTUNARLEIÐUM

Taflan sýnir skiptingu eigna í innlendar og erlendar eignir. Dökki hlutinn eru erlendar eignir og talan fyrir neðan kökuritinn sýnir vægi þeirra.



ÁGÆT ÁVÖXTUN ERLENDRA EIGNA EN STYRKING KRÓNU

Erlendar eignir Almenna lífeyrissjóðsins voru ríflega 42 milljarðar í árslok 2016 og hækkuðu um tæpa tvo milljarða króna á árinu. Fjárfestingar skiptast í skráð hlutabréf, ríkisskuldabréf, framtakssjóðir og gjaldeyrisreikninga. Ávöxtun erlendra hlutabréfa var ágæt á árinu og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa, MSCI TR um 7,5% en vegna styrkingar íslensku krónunnar lækkaði vísitalan um 6,4% á árinu, mælt í íslenskum krónum.

HLUTABRÉF STÆRSTI EIGNAFLOKKURINN

Skráð hlutabréf vega tæp 89% af erlendum eignum. Til að ná sem bestri áhættudreifingu notar Almenni lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar í hlutabréfum. Við val á sjóðum er horft til ýmissa atriða eins og árangurs, kostnaðar, aðferða, starfsmanna og stöðugleika í rekstri.

ERLEND RÍKISSKULDABRÉF DRAGA ÚR ÁHÆTTU


Í árslok 2016 vógu erlend ríkisskuldabréf tæp 3% af erlendum eignum lífeyrissjóðsins. Ríkisskuldabréf útgefin af Evrópuríkjum námu í árslok um 54% á móti skuldabréfum útgefnunum af Bandaríkjunum. Skuldabréfin eru mikilvæg til að auka áhættudreifingu í eignasöfnum lífeyrissjóðsins.

FRAMTAKSSJÓÐIR JAFNA SVEIFLUR Í ÁVÖXTUN

Framtakssjóðir vega tæp 6% af erlendum eignum. Framtakssjóðir fjárfesta t.d. í óskráðum hlutabréfum (private equity). Stefnt er að því að um 10% af erlendum eignum séu í framtakssjóðum (private equity) sem fjárfesta í óskráðum hlutafélögum og að um 2,5% sé í framtakssjóðum sem fjárfesta í öðrum eignum, t.d. veðtryggðum bankalánum og skuldabréfum. Verðmæti framtakssjóða sveiflast gjarnan með öðrum hætti en verðmæti skráðra hlutabréfa og eru sjóðirnir því mikilvægir til að jafna sveiflur og hafa jafnframt gefið góða ávöxtun undanfarið ár.



ERLEND HLUTABRÉF



Eignir

Hlutabréfasjóðir	ma.kr.
Vanguard Global Stock Index	16,8
BlackRock Developed World	10,2
Vanguard Global Enhanced Equity	4,3
GuardCap Global Equity Fund	1,6
Sparinvest Global Value	2,6
Skagen Global II	1,6
Bandaríkin	37,1

* Brasília, Rússland, Indland og Kína

ÁHÆTTUDREIFING

Áhersla er lögð á að dreifa áhættu í fjárfestingum á erlendu mörkuðum. Til að ná sem bestri áhættudreifingu notar lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar og hlutfall vísitölusjóða er jafnframt hátt eða um 73%. Landaskipting erlendra hlutabréfa er ekki ólík skiptingu heimsvísitölu hlutabréfa.

ERLEND HLUTABRÉF

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Stefnt er að því að um 63% af erlendum eignum séu markaðssjóðir sem fjárfesta í sömu hlutföllum og hlutabréf vega á markaði. Stefnt er að því að um 24,5% séu virkir sjóðir, þ.e. sjóðir sem velja verðbréf með það að markmiði að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala hlutabréfa. Stefnt er að því að um 12,5% af erlendum eignum sé í framtakssjóðum sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og öðrum eignum.

MIKIL DREIFING, EINSTÖK FYRIRTÆKI VEGA LÍTIÐ

Mikil áhættudreifing einkennir erlenda hlutabréfasafnið og hlutfall vísitölusjóða (index fund) af skráðum hlutabréfum er hátt eða um 73%. Erlenda safnið á hlutdeild í ríflega 1.655

fyrirtækjum í 23 löndum. Með þessum fjölda er tryggt að vægi einstakra fyrirtækja er lítið. Áhrif af gjaldproti eins fyrirtækis væru því tiltölulega lítil.

LANDASKIPTING OG ATVINNUGREINAR

Sjóðurinn stefnir á að landaskipting og atvinnugreinaskipting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Þessi hlutföll geta þó orðið eitthvað frábrugðin heimsvísitölunni vegna virkra sjóða sem velja fyrirtæki.

NÝFJÁRFESTINGAR OG GJALDEYRISHÖFT

Erlendar fjárfestingar fyrir íslenskar krónur eru eingöngu heimilar með sérstakri undanþáguheimild Seðlabanka Íslands skv. gildandi gjaldeyrishöftum. Á árinu 2015 veitti Seðlabankinn lífeyrissjóðum heimild til erlendra fjárfestinga

fyrir 10 milljarða króna og á árinu 2016 var heildarheimildin 85 milljarðar króna. Í ársbyrjun 2017 veitti Seðlabankinn lífeyrissjóðum á ný heimild til erlendra fjárfestinga, nú alls 100 milljarða króna og þar af var hlutur Almenna lífeyrissjóðsins um 5,7 milljarðar króna. Heimildin gildir út árið 2017. Vonir standa til þess að framhald verði á erlendum fjárfestingarheimildum á næstu misserum. Um er að ræða mikilvæg skref í losun gjaldeyrishafta.

Þar sem jákvætt innstreymi er í ævisöfn og samtryggingarsjóð Almenna lífeyrissjóðsins er mikilvægt að sjóðurinn geti bætt við erlendar fjárfestingar með reglubundnum hætti og þannig náð góðri áhættudreifingu. Gera má ráð fyrir að hlutfall erlendra eigna í ávöxtunarleiðum sjóðsins lækki, verði ekki framhald á erlendum fjárfestingarheimildum.



TÍU STÆRSTU ÚTGEFENDUR SKULDABRÉFA

Útgefendur skuldabréfa	Samtr.- sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III
Ísland - ríkisskuldabréf	31,0	16,9	24,8	26,8
Sjóðfélagalán	13,2	9,4	12,1	10,9
Reykjavíkurborg	4,1	1,9	2,8	2,5
Lánasjóður sveitarfélaga	2,2	1,0	1,5	0,7
Íslandsbanki (sértryggt skuldabréf)	1,5	0,9	1,4	2,7
Arion banki (sértryggt skuldabréf)	1,4	0,8	1,2	4,4
Landsvirkjun	1,1	0,7	1,0	
Eik og Landfestar fasteignafélög	0,9	0,5	0,8	
Landsbankinn (sértryggt skuldabréf)	0,7		0,6	3,9
Orkuveita Reykjavíkur	0,7		0,5	
Akureyrarbær				1,4
Evrópa – ríkisskuldabréf		0,7		
Bandaríkin – ríkisskuldabréf		0,5		
Reginn, veðskuldabréf				0,7
Reitir fasteignafélag				0,8
Samtals vægi í % af eignum	56,6	33,4	46,8	54,7
Heildarstærð í milljörðum	88,3	16,7	45,9	9,9

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Upplýsingar um stærstu skuldara í hverri ávöxtunarleidd eru birtar mánaðarlega á heimasíðu sjóðsins. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla útgefendur á síðu hverrar ávöxtunarleiddar og eru þær upplýsingar uppfærðar tvisvar sinnum á ári.

ÓLÍKT VÆGI SKULDABRÉFA

Ríkisskuldabréf og veðtryggð sjóðfélagalán vega þyngst. Samanlagt vega 10 stærstu útgefendur skuldabréfa mismunandi þungt í söfnum sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum eða frá rúnum 33% upp í tæp 57% af eignum.

LÁNSHÆFISMAT OG VIÐMIÐANIR

Við kaup á skuldabréfum er m.a. horft til fjárhagslegs styrkleika útgefenda. Við kaup á erlendum skuldabréfum útgefenda með opinbert lánsþæfismat skal miðað við að útgefandi hafi a.m.k. lánsþæfismat eins og fram kemur í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Við kaup á skuldabréfum sem hafa ekki lánsþæfismat skulu sjóðstjórar yfirfara atriði sem talin eru upp í V. kafla fjárfestingarstefnunnar og meta hvort útgefendur uppfylli skilyrði um traustan efnahag og góða rekstrarafkomu. Almennt er mati á útgefanda skipt upp í eðlislæga og mælanlega þætti útgefanda og útgáfunnar. Eðlislægir þættir eru t.d. atvinnugrein, lagaumhverfi og skilmálar útgáfu. Þeir mælanlegu þættir sem horft er til eru fjármagnsskipan, greiðslugeta og arðsemi.

SKILMÁLAR TIL AÐ TRYGGJA ENDURGREIÐSLU

Sjóðurinn fer fram á að óveðtryggð skuldabréf innihaldi skilmála til að tryggja endurgreiðslu bréfanna. Skilmálarnir fjalla um upplýsingaskyldu, eiginfjárvöð, breytingar á grundvallarrekstrarþáttum, breytingar á eignarhaldi, um sölu eigna, um skuldsetningu, um veðsetningu eigna, um vanskil annarra skuldbindinga, um rétt kröfuhafa, vaxtaþekju og fleira.

STÆRSTU ÚTGEFENDUR

Ríkissjóður er langstærsti útgefandi skuldabréfa í söfnum sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum og vegur frá tæpum 17% upp í 31% af eignum. Sjóðfélagalán eru í öðru sæti en á bak við þau eru 1.449 greiðendur. Ef sjóðfélagalán eru talin sem einn útgefandi eru samtals um 140 útgefendur í skuldabréfasöfnum. Vægi útgefenda er

nokkuð breytilegt milli safna en það ræðst m.a. af markmiði um sparnaðartíma og vægi erlendra verðbréfa. Í Ævisafni III er um 27% eigna ávaxtað á innlánsreikningum hjá Íslandsbanka (13%), Arion banka (7%) og Landsbankanum (7%).

ÖNNUR SÖFN

Eins og nöfn safnanna gefa til kynna er ríkissjóður eini útgefandinn í ríkissöfnunum en söfnin hafa þó heimild til að hafa hluta eigna í innlánum. Innlánsafnið ávaxtar eignir sínar á innlánsreikningum hjá Íslandsbanka (35%), Arion banka (31%), Landsbankanum (28%) og Kviku banka (6%). Inneignir sjóðfélaga í Innlánsafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar.



TÍU STÆRSTU ÚTGEFENDUR HLUTABRÉFA

Útgefendur hlutabréfa	Samtr.- sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III
 Eik fasteignafélag hf.	2,3	2,7	2,3	0,9
 Marel hf.	1,4	1,7	1,5	0,6
 Icelandair Group hf.	1,2	1,4	1,2	0,5
 N1 hf.	1,0	1,2	1,0	0,4
 Eimskipafélag Íslands hf.	0,6	0,7	0,6	0,2
 SF V slhf.	0,6	0,7	0,6	0,2
 Össur hf.	0,5	0,6	0,5	0,2
 Jarðvarmi slhf.	0,5	0,6	0,5	0,2
 FAST – 1 slhf.	0,4			0,1
 Hagar hf.	0,4			0,1
 Microsoft Corp.		0,6	0,4	
 Apple Inc.		0,6	0,4	
Samtals vægi í % af eignum	8,8	10,9	8,9	3,5
Heildarstærð í milljörðum	88,3	16,7	45,9	9,9

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Upplýsingar um stærstu skuldara í hverri ávöxtunarleidd eru birtar mánaðarlega á heimasíðu sjóðsins. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla útgefendur á síðu hvers ávöxtunarleiddar og eru þær upplýsingar uppfærðar tvisvar sinnum á ári.

VAXANDI

HLUTABRÉFASAFN

Einstakir útgefendur vega lítið. Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa vega mest 10,9% í Ævisafni I en minnst er vægi þeirra 3,5% í Ævisafni III.

HLUTABRÉF

Sagan segir að hlutabréf skili hæstu ávöxtuninni á löngum tíma og að ávöxtun þeirra sveiflist mest. Hlutabréf eru aftast í kröfuröðinni og því er tapsáhætta þeirra einnig mest. Þess vegna skiptir áhættudreifing öllu máli þegar fjárfest er í hlutabréfum. Þar sem innlendur hlutabréfamarkaður er tiltölulega litill með fáum útgefendum vega erlend hlutabréf þyngra en innlend í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnunni er stefnt að því að erlend hlutabréf ásamt framtakssjóðum vegi 16% til 58% og innlend hlutabréf ásamt framtakssjóðum 4% til 12% af eignum verðbréfasafna sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum.

ERLEND HLUTABRÉF

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Við greiningu hlutabréfaeignar Almenna í einstökum erlendum hlutafélögum er horft í gegnum verðbréfa- og fjárfestingarsjóði sem Almenni á hlutdeild í.

INNLEND HLUTABRÉF


Uppbygging innlenda hlutabréfasafnsins fer að meirihluta fram með fjárfestingum í skráðum hlutafélögum og framtakssjóðum. Stefnt er að því að byggja upp safn fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn, traustan efnahag og geta skilað góðri ávöxtun til framtíðar. Hlutabréfasafninu er stýrt með virkri stýringu og beita sjóðstjórar faglega viðurkenndum aðferðum við verðmat og áhættugreiningu.

STÆRSTU ÚTGEFENDUR

Í árslok 2016 voru um 1.700 útgefendur í hlutabréfasöfnum sjóðsins. Vegna fjölda útgefenda er vægi einstakra útgefenda tiltölulega lítið og því vega 10 stærstu útgefendur hlutabréfa mun minna en vægi stærstu útgefenda skuldabréfa. Stærstu innlendu útgefendur hlutabréfa í eigu sjóðsins eru Eik fasteignafélag, Marel, Icelandair, N1 og Eimskip. Stærstu erlendu útgefendurnir eru bandarísku tæknirísarnir Microsoft Corp og Apple Inc.



TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA



TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA VERSNAR

Tryggingafræðileg staða versnaði á árinu 2016 vegna styrkingar krónunnar og nýrra tafla um lífslíkur sem voru teknar í notkun á árinu.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóða eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

- **Áunnin staða.** Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.
- **Framtíðarstaða.** Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
- **Heildarstaða.** Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga. Heildareignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðariðgjalda.

STAÐAN Í ÁRSLOK 2016

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðsins miðað við 31. desember 2016.

- Áfallnar skuldbindingar voru 3,8% meiri en eignir sjóðsins.
- Áætlaðar framtíðarskuldbindingar voru 3,1% hærri en núvirði framtíðariðgjalda.
- Heildarskuldbindingar voru 3,5% umfram heildareignir. Heildarstaða sjóðsins er innan hámarks vikmarka sem lög kveða á um. Lög segja ekkert um áfallna stöðu lífeyrissjóða en þar sem innvinnsla réttinda í Almenna lífeyrissjóðnum er aldursháð og framtíðarstaða á því að vera í jafnvægi er eðlilegt að miða við að það gildi sömu vikmörk um áfallna stöðu og heildarstöðu. Áfallin staða er einnig innan vikmarka.

ÞRÓUNIN ÁRIÐ 2016


Tryggingafræðileg staða versnaði á árinu. Helstu skýringar á breytingum milli ára eru þessar.

Ávöxtun samtryggingarsjóðs var lægri en ávöxtunarviðmið sem er notað til að reikna réttindi og skuldbindingar. Raunávöxtun samtryggingarsjóðs var 0,5% miðað við eignamat sem notað er við mat á tryggingafræðilegri stöðu. Ávöxtunarviðmið sem er notað til að núvirða skuldbindingar er hins vegar 3,5% raunávöxtun.

Við mat á skuldbindingum í árslok 2016 eru notaðar nýjar dánar- og eftirlífendalíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014 í stað eldri tafla sem eru byggðar á reynslu árána 2008–2011. Nýjar dánar- og eftirlífendatölur leiða til aukningar á virði skuldbindinga. Hjá Almenna lífeyrissjóðnum hækkuðu áunnar skuldbindingar um 1,9 milljarða vegna þessa.



HAGSTÆÐ LÍFEYRISRÉTTINDI



LÍFEYRIR HEFUR HÆKKAÐ UMFRAM VERÐLAG

Frá því að lífeyrissjóðalögin tóku gildi árið 1997 hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum og forverum hans hækkað umfram verðlag á síðustu árum.

- Lífeyrisréttindi hjá Almenna hækkuðu um 177% að meðaltali á tímabilinu 1998–2016.
- Á sama tíma hækkaði launavísitala um 253% og vísitala neysluverðs um 142%.
- Vísitala 10 stærstu lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda hækkaði um 131% á tímabilinu.

DÆMI UM INNEIGN OG LÍFEYRI

Taflan sýnir upplýsingar um lífeyrisréttindi í Almenna lífeyrissjóðnum og dæmi um fjárhæðir ef miðað er við að sjóðfélagi greiði í sjóðinn af föstum launum á aldrinum 25 til 66 ára. Reiknað með 3,5% raunávöxtun á ári.

	SAMTRYGGINGARSJÓÐUR	SÉREIGNARSJÓÐUR
Eftirlaun	Ellilífeyrir frá 60–72 ára aldri til æviloka	Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
Dæmi	Ellilífeyrir frá 70 ára aldri nemur 61% af lokalaunum til æviloka	Inneign 67 ára nemur 4,1 árslaunum. Dugir til að greiða 44% af lokalaunum í tíu ár.
Örorka	Örorkulífeyrir er greiddur ef sjóðfélagi verður óvinnufær og verður fyrir sannanlegum tekjumissi. Barnalífeyrir með hverju barni til 20 ára aldurs.	Við starfsorkumissi er séreignarsjóður greiddur út á sjö árum.
Dæmi: Örorka 45 ára	Örorkulífeyrir sem nemur 58% af lokalaunum. Barnalífeyrir að fjárhæð 34 þúsund krónur er greiddur með hverju barni til 20 ára aldurs barns.	Inneign sem nemur 1,2 árslaunum. Dugar til að greiða 20% af meðallaunum síðastliðinna þriggja ára í sjö ár.
Fráfall	Makalífeyrir greiddur við fráfall sjóðfélaga	Inneign erfist og er laus til útborgunar strax.
Dæmi: Fráfall 45 ára	Makalífeyrir sem nemur 30% af lokalaunum. Barnalífeyrir að fjárhæð 34 þúsund krónur til 20 ára aldurs barns.	Inneign sem nemur 1,2 árslaunum. Inneignin er laus til útborgunar strax.

HAGSTÆÐ LÍFEYRISRÉTTINDI


Í Almenna lífeyrissjóðnum er samsetning lífeyrisréttinda öðruvísi en í flestum öðrum lífeyrissjóðum. Lágmarksiðgjald er 12% af launum og greiðast 4% í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð.

Inneign í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur og geta sjóðfélagar ráðið hvort þeir taka inneignina út í einu lagi eða dreifa úttektinni á lengri tíma. Inneignin erfist við fráfall og eykur það fjárhagslegt öryggi aðstandenda.

Iðgjald í samtryggingarsjóð myndar réttindi til ævilangs ellilífeyris og áfallalífeyris (örorku-, maka- og barnalífeyris).

- Sjóðfélagar geta hafið töku ævilangs ellilífeyris á aldrinum 60 til 72 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur til 70 ára aldurs ef sjóðfélagar missa starfsorku.
- Makalífeyrir er greiddur til maka við fráfall sjóðfélaga í 2,5 ár og lengur ef sjóðfélagi á barn undir 20 ára aldri eða ef makinn er öryrki og yngri en 67 ára.
- Barnalífeyrir er greiddur til barna yngri en 20 ára við fráfall eða við starfsorkumissi sjóðfélaga. Fjárhæð barnalífeyris í janúar 2017 er 33.800 kr. á mánuði. Ef barn látins sjóðfélaga á hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

REKSTRARKOSTNAÐUR



RAUNKOSTNAÐUR OG ÁÆTLUN 2017

Rekstrarkostnaður hefur hækkað í takt við verðlag, aukinn starfsmannafjölda og auknar kröfur um áhættustýringu og eftirlit. Kostnaður sem hlutfall af eignum sjóðsins er áætlaður um 0,3% árið 2017 sem er svipað hlutfall og árið 2016.

STEFNT AÐ LÁGMARKSKOSTNAÐI

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem mest af ávöxtun sjóðsins skili sér til sjóðfélaga. Þessu er fylgt eftir með því að gæta hófs í rekstri og reyna að lágmarka fjárfestingarkostnað við ávöxtun eigna sjóðsins eins og hægt er.

KOSTNAÐUR Í TAKT VIÐ ÁÆTLUN 2016

Rekstraráætlun fyrir árið 2016 gerði ráð fyrir heildarkostnaði að fjárhæð 504 m.kr. Raunverulegur rekstrarkostnaður varð 521 m.kr. sem er 3,3% umfram áætlun. Á árinu tók sjóðurinn yfir öll verkefni vegna sjóðfélagalána en Íslandsbanki hafði séð um alla skjalagerð fyrir sjóðinn. Til að bregðast við auknum verkefnum vegna útlána reyndist

nauðsynlegt að bæta við starfsmönnum á árinu og skýrir það að hluta til aukningu starfsmannakostnaðar ásamt kjarasamningsbundnum launahækkunum.

STÆRSTU KOSTNAÐARLIÐIRNIR


Starfsmannakostnaður vegur þyngst í rekstrarkostnaðinum en hjá sjóðnum starfa 22 starfsmenn. Sjá nánar um starfsfólk og skipulag á bls. 9. Upplýsingatækni er annar stærsti kostnaðarliðurinn en sjóðurinn notar sérstök upplýsingakerfi fyrir eignir, réttindi sjóðfélaga og bókhald. Sjóðurinn býður jafnframt sjóðfélögum og launagreiðendum upp á að skoða upplýsingar á sjóðfélaga- og launagreiðandavef. Á læstu vefsvæði geta sjóðfélagar nálgast upplýsingar um inneign og réttindi, ásamt því að framkvæma ýmsar aðgerðir. Á sama hátt geta

launagreiðendur skoðað upplýsingar um iðgjaldagreiðslur á læstu vefsvæði.

ÁÆTLUN 2017

Stjórn sjóðsins samþykkti á stjórnarfundum í desember sl. rekstraráætlun fyrir árið 2017. Samkvæmt henni stefnir í að rekstrarkostnaður sjóðsins verði um 616 m.kr. eða um 0,3% af áætluðum meðaleignum ársins. Samkvæmt áætluninni hækkar heildarkostnaður um rúm 18% milli ára sem felst að mestu leyti í auknum starfsmannakostnaði vegna fjölgunar starfsmanna og kjarasamningsbundinna launahækkana.

LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA



ÚTLÁN MARGFALDAST

Myndin sýnir þróun nýrra lána til sjóðfélaga frá árinu 2010-2016. Lánveitingar jukust um 170% milli árána 2015 og 2016.

SJÓÐFÉLAGALÁN ALMENNA

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að velja á milli lána með föstum verðtryggðum vöxtum, breytilegum verðtryggðum vöxtum og óverðtryggðum vöxtum þar sem vextir er festir til eins árs í senn en árið 2013 var byrjað að bjóða uppá óverðtryggð lán. Fastir verðtryggðir vextir eru ennþá vinsælasta lánsformið en á árinu 2015 var hlutfall lána með fasta verðtryggða vexti um 79% af nýjum útlánnum og á síðasta ári var hlutfallið 75%. Hlutfall lána með óverðtryggða vexti jókst á milli ára, en árið 2015 var það 14% og árið 2016 var hlutfallið komið í 21% af nýjum útlánnum.

ÞRÓUN SÍÐUSTU ÁRA



Mikill vöxtur hefur verið í útlánnum til sjóðfélaga síðustu tvör ár. Lánveitingar jukust um 146% á milli árána 2014 og 2015 og um 170% á síðasta ári en þá námu lán til sjóðfélaga 6.895 m.kr. samanborið við 2.554 m.kr. árið 2015. Mikið flug hefur verið á fasteignamarkaði á síðustu tveimur árum og fasteignaviðskipti þau mestu frá því á árunum fyrir hrun. Aukin velta á fasteignamarkaði segir ekki alla söguna þar sem stór hluti lána er veittur til endurfjármögnunar á eldri og óhagstæðari lánnum.

HVORKI UPPGREIÐSLUGJALD NÉ ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI

Þau kjör sem bjóðast sjóðfélögum standast samanburð við bestu kjör sem í boði eru á lánamarkaði. Auk góðra vaxtakjara vekur athygli að lán hjá Almenna bera ekki uppgreiðslugjald, það er ekki þarf að greiða álag þegar greitt er aukalega inn á höfuðstól láns. Þá eru fastir vextir án endurskoðunarákvæðis og eru því óbreyttir út lánstímann.



LÍFEYRISGREIÐSLUR



■ 2013
■ 2014
■ 2015
■ 2016

LÍFEYRISGREIÐSLUR

Súluritinn sýna lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði annars vegar og úttekt úr séreignarsjóði hins vegar. Greiðslur úr séreignarsjóði lækkuðu um 1,5% á milli ára og ellilífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði jukust um 13,3%.

LÍFEYRISGREIÐSLUR SVIPAÐAR MILLI ÁRA

Árið 2016 greiddi Almenni lífeyrissjóðurinn samtals 4,3 milljarða í lífeyri og skiptust greiðslurnar þannig að 2,8 milljarðar voru greiddir úr séreignarsjóði en 1,5 milljarður úr samtryggingarsjóði. Árið 2015 greiddi sjóðurinn samtals 4,2 milljarða sem skiptust þannig að 2,8 milljarðar voru greiddir úr séreignarsjóði og 1,4 milljarðar úr samtryggingarsjóði. Samtals fengu 3.711 lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði árið 2016, þ.a. fengu 7 aukagreiðslur, 2.831 nýttu heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán og 58 nýttu sér heimild til að greiða inn á fyrstu íbúð. Lífeyrisþegar úr samtryggingarsjóði voru samtals 1.472 og skiptust þannig að 923 fengu ellilífeyri, 246 örorkulífeyri, 157 makalífeyri og greiddur var barnalífeyrir vegna 73 barna.

GREIÐSLUR ÚR SÉREIGNARSJÓÐI

Ellilífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði hafa hækkað jafnt og þétt í takti við hækkandi meðaldur sjóðfélaga. Örorku-, maka- og barnalífeyrir er svipaður milli ára. Greiðslur úr séreignarsjóði lækka hins vegar þriðja árið í röð en aukagreiðslur úr séreignarsjóði samkvæmt tímabundinni opnun skýrir lækkunina að mestu leyti. Árið 2014 var greiddur 1,5 milljarður í aukagreiðslur úr séreignarsjóði, árið 2015 voru greiddar 286 milljónir og árið 2016 lækkuðu aukagreiðslurnar í 11 milljónir króna. Á móti koma greiðslur úr séreignarsjóði inn á lán en á árinu námu þær um 1.096 milljónum

HEIMILD TIL AÐ GREIÐA VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐ INN Á LÁN

Á árinu 2014 samþykktu stjórnvöld að heimila einstaklingum að greiða viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst inn á fasteignalán á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Á árinu var heimildin framlengd um tvö ár eða fram til 30. júní 2019. Fjöldi sjóðfélaga hjá Almenna lífeyrissjóðnum hefur nýtt sér þetta úrræði en í lok desember var búið að greiða 2,6 milljarða fyrir 3.068 sjóðfélaga inn á lán og 36,3 milljónir höfðu verið nýttar til íbúðarkaupa fyrir 83 sjóðfélaga.



A decorative graphic on the left side of the slide. It consists of a bar chart with five vertical bars of varying heights in shades of blue and grey, positioned above two large squares. The square on the left is light grey, and the square on the right is dark blue.

ÁRSREIKNINGUR ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS 2016

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Sjóðurinn metur öll markaðsverðbréf á markaðsverði en veðskuldabréf eru metin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum að frádreginni virðisrýmun.

EIGNIR OG FJÖLDI SJÓÐFÉLAGA

Í árslok 2016 nam hrein eign til greiðslu lífeyris 184,9 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn um 10,8 milljarða eða 6,2% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 42.644 og fjölgaði þeim um 3,4% milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris í séreignarsjóði var 96,6 milljarðar og í samtryggingarsjóði 88,3 milljarðar.

IÐGJÖLD

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2016 voru samtals 11,1 milljarðar sem er 11,3% hækkun frá árinu áður. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksíðgjöld voru 7,6 milljarðar og viðbótariðgjöld 3,7 milljarðar. Á árinu greiddu 7.042 sjóðfélagar að meðaltali til samtryggingarsjóðs á móti 6.649 árið áður sem er 5,9% fjölgun milli ára. Iðgjöld í samtryggingarsjóð námu alls 4,7 milljörðum sem er 13,2% hækkun milli ára. Á árinu greiddu 6.256 sjóðfélagar að meðaltali viðbótarsparnað til séreignarsjóðs á móti 6.286 árið áður sem er 0,5% fækkun milli ára. Iðgjöld í séreignarsjóð voru 6,4 milljarðar sem er 10% hækkun frá árinu áður.

LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs voru alls 1,6 milljarðar árið 2016 sem er 10,9% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 1.472.

Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs námu alls 2,7 milljörðum sem er 1,5% lækkan frá árinu áður. Heildarfjöldi þeirra sem tóku út séreignarsparnað á árinu samkvæmt tímabundinni opnun

var 7 sem er veruleg fækkun frá árinu áður en þá nýttu 189 sjóðfélagar heimild til úttektar. Heimild til að sækja um útborgun séreignarsjóðs vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði féll niður þann 1. janúar 2015. Á árinu voru greiddar 1.095,9 milljónir inn á húsnæðislán vegna 2.831 sjóðfélaga og 29,7 milljónir vegna kaupa á fyrstu íbúð fyrir 58 sjóðfélaga samkvæmt úrræði ríkisstjórnarinnar sem heimilar sjóðfélögum að greiða inn á höfuðstól húsnæðislána á tímabilinu 1.7.2014 til 30.6.2019.

SJÓÐFÉLAGALÁN

Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum 6.895 milljónir með veði í fasteignum en árið 2015 voru veitt lán fyrir 2.554 milljónir.

VERÐBRÉFAEIGN

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 34,5 milljarða á árinu 2016 og eru upplýsingar um eignasamsetningu ávöxtunarleiða í ársreikningnum. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var -0,5% til 5,3% og raunávöxtun -2,5% til 3,1%.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Tryggingafræðileg staða versnaði á árinu og skýringarnar á því eru tvær. Annars vegar var ávöxtun samtryggingarsjóðs lægri en ávöxtunarviðmið sem er notað til að reikna réttindi og skuldbindingar. Hin skýringin er sú að við mat á skuldbindingum í árslok 2016 eru notaðar nýjar dánar- og eftirlífendalíkur byggðar á reynslu árána 2010-2014 í stað eldri taflna sem eru byggðar á reynslu árána 2008-2011. Nýjar dánar- og eftirlífendatölur leiða til aukningar á virði skuldbindinga vegna eftirlauna karla um allt að 3,0% en um allt að 1,7% vegna eftirlauna kvenna.

Tryggingafræðileg úttekt samtryggingarsjóðs miðað við 31. desember 2016 sýnir að áfallnar skuldbindingar eru 3,8% hærri en núvirtar eignir og heildarskuldbindingar (áfallnar skuldbindingar að viðbættum skuldbindingum

vegna framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga) eru 3,5% umfram heildareignir sem samanstanda af núvirtum eignum og framtíðariðgjöldum. Samkvæmt úttektinni eru heildareignir samtryggingarsjóðs 144,2 milljarðar og heildarskuldbindingar 149,4 milljarðar.

LAUN OG FJÖLDI STÖÐUGILDA

Laun og launatengd gjöld starfsmanna, stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 282,7 milljónum á árinu. Stöðugildi voru 22 í lok árs.

ÖNNUR MIKILVÆG ATRIÐI

Mikill vöxtur hefur verið í útlánnum til sjóðfélaga síðustu tvö ár. Á árinu 2015 jukust lánveitingar frá fyrra ári um 145% og uxu úr 1.039 milljónum í 2.554 milljónir. Á árinu 2016 voru veitt lán fyrir 6.895 milljónir sem er 170% aukning frá fyrra ári. Svipaða sögu er að segja frá öðrum lífeyrissjóðum en þar hafa lán til sjóðfélaga aukist mikið. Á árinu 2015 jukust lánveitingar lífeyrissjóða samtals til sjóðfélaga um 86% frá fyrra ári og á árinu 2016 um 311% frá fyrra ári.

Skýringar á mikilli aukningu lána til lífeyrissjóða eru tvær. Í fyrsta lagi hafa lífeyrissjóðir flestir breytt lánareglunum sínum og lána upp í allt að 75% af verðmæti fasteignar gegn því að vera á fyrsta veðrétti eða með tiltölulega litla veðsetningu á undan. Þar sem kjör á lánum lífeyrissjóða eru yfirleitt hagstæðari en frá öðrum fjármálastofnunum hefur það aukist að lífeyrissjóðir eru helsti lánveitandi húsnæðislána einstaklinga. Í öðru lagi hefur verið mikill vöxtur í efnahagslífi landsins með tilheyrandi aukningu í fjárfestingum. Lífeyrissjóðir hafa til margra ára fjármagnað húsnæðislán óbeint með kaupum á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar, Íbúðalánasjóðs og bankanna og má segja að um þriðjungur eigna sjóðanna á liðnum árum hefur verið í eignum tengdum húsnæðislánum. Vægi beinna lána til sjóðfélaga hefur hins vegar verið undir 10% af eignum en búast má við því að hlutfallið hækki á næstu árum ef eftirspurn



SKÝRSLA STJÓRNAR, frh.

eftir lánum helst óbreytt eða vex. Lífeyrissjóðir hafa lánað beint til sjóðfélaga í áratugi og hjá þeim er mikil reynsla í veitingu lána til einstaklinga. Mikil aukning lána til sjóðfélaga leggur ríkar skyldur á herðar sjóðanna um vönduð vinnubrögð og virkt eftirlit. Um þetta er stjórn Almenna meðvituð.

Á árinu 2016 var skipulagi breytt hjá sjóðnum og áhættustjóri ráðinn beint af stjórn. Verkefni áhættustjóra er að fylgja eftir skipulagi innra eftirlits samkvæmt ákvörðun stjórnar auk þess

að bera ábyrgð á eftirliti samkvæmt áhættustefnu sjóðsins. Með nýju skipulagi verður áhættueftirlit í höndum áhættustjóra sem tryggir fulla aðgreiningu starfa vegna ákvarðana og eftirliti með áhættum. Breytt skipulag er í takt við breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 sem voru gerðar í lok ársins 2016 en samkvæmt þeim skal lífeyrissjóður tilnefna starfsmann hjá sjóðnum til að bera ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu.

Skal áhættustýring lífeyrissjóðs vera óháð öðrum starfseiningum sjóðsins og tryggt að stýringin hafi nægilegt fjármagn og heimildir, m.a. til þess að afla gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru í starfsemi áhættustýringar. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins réð Ólaf Heimi Guðmundsson sem áhættustjóra. Ólafur Heimir hefur starfað sem sjóðstjóri hjá sjóðnum frá 2009. Hann hefur komið talsvert að áhættustýringu sjóðsins og mótun hennar frá árinu 2012.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðrum þeim reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Stjórn og stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti ávallt sér að leiðarljósi. Við mótun stjórnarhátta hefur stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnarháttafyrirlysing fylgir ársreikningnum.

STAÐFESTING ÁRSREIKNINGSINS

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2017

Stjórn:

Ólafur Heimir
Guðlaug R. Rúnarson
David Dan Árnason
Sigrún Jónsdóttir
Astrídur Jóhannsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur S. Sæviðsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins.

ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins (hér eftir „sjóðurinn“) fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Það er álit okkar að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem ber að veita, að lágmarki, samkvæmt lögum og reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfylfum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð sjóðnum. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sjóðurinn birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem samstæðan gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlitstri á efni

ársskýrslunnar þegar við höfum fengið hana afhenta og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur. Ef verulegar villur eða ósamræmi við ársreikninginn koma upp er okkur skylt að koma því á framfæri til stjórnar og beita viðeigandi aðgerðum eftir alvarleika misræmisins.

ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir að gerð og framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sjóðsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega

endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitem við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits bankans, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA, frh.

aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu

endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn og endurskoðunarnefnd yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum stjórn og endurskoðunarnefnd um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 22. febrúar 2017



Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi



Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi



YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2016

	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		4.232.093	3.787.640
Iðgjöld launagreiðenda		7.038.642	6.234.670
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(168.646)	(45.298)
		11.102.089	9.977.012
Sérstök aukaframlög		37.192	32.045
	7,14	11.139.281	10.009.057
Lífeyrir:			
Heildarfjárhæð lífeyris		4.277.828	4.160.474
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		60.664	64.909
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.265	482
	8,15	4.340.757	4.225.865
Hreinar fjárfestingartekjur:			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	9,16	(1.368.084)	5.746.896
Hreinar tekjur af skuldabréfum	9,18	4.690.918	5.445.123
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		965.756	900.075
Vaxtatekjur af handbæru fé		169.972	279.219
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		25.341	23.931
Fjárfestingargjöld	19	(51.551)	(45.842)
		4.432.352	12.349.402
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	20–24	480.462	472.677
Aðrar tekjur		6.927	4.022
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		10.757.340	17.663.939
Hrein eign frá fyrra ári		174.151.082	156.487.143
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		184.908.421	174.151.082



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

	Skýr.	2016	2015
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	25–28	60.956.504	73.497.730
Skuldabréf	29–31	93.080.852	72.368.813
Bundnar bankainnstæður		23.052.118	21.524.362
Aðrar fjárfestingar	32	23.095	35.342
		177.112.570	167.426.247
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		450.000	420.000
Aðrar kröfur	36	163.220	167.061
		613.220	587.061
Handbært fé		7.370.797	6.339.961
Eignir samtals		185.096.587	174.353.269
Skuldir:			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	37	120.727	128.495
Aðrar skuldir	38	67.439	73.693
Skuldir samtals		188.166	202.188
Hrein eign til greiðslu lífeyris		184.908.421	174.151.082
Skuldbindingar utan efnahags	13	5.395.095	3.860.556



SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2016

	Skýr.	2016	2015
Inngreiðslur:			
Iðgjöld		11.133.823	10.032.988
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		258.755	279.423
Aðrar inngreiðslur		26.349	24.291
		11.418.927	10.336.701
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		4.360.350	4.383.647
Rekstrarkostnaður		530.777	490.458
Aðrar útgreiðslur		178.876	569.560
		5.070.003	5.443.665
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		6.348.924	4.893.037
Fjárfestingarhreyfingar:			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		907.607	502.412
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(9.814.945)	(6.984.275)	
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	20.368.468	3.847.783	
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	8.364.926	7.960.059	
Keypt skuldabréf	(24.720.722)	(11.291.565)	
Seld skuldabréf	232.827	725.605	
Ný bundin innlán	(645.000)	(1.100.000)	
Endurgreidd bundin innlán	83.000	1.210.498	
Innborgaðar tekjur vegna reksturs íbúðarhúsnæðis	0	121.009	
Gjöld vegna reksturs íbúðarhúsnæðis	(14.040)	(4.575)	
Keyptar aðrar fjárfestingar	7.287	0	
Seldar aðrar fjárfestingar	17.500	0	
	(5.213.091)	(5.013.048)	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.135.832	(120.012)	
Gengismunur af handbæru fé	(104.996)	(920)	
Handbært fé í upphafi árs	6.339.961	6.460.893	
Handbært fé í lok árs	7.370.797	6.339.961	

Fjárhæðir í þúsundum króna



YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARSJÓÐS 31.12.2016

		31. desember 2016			31. desember 2015		
	Skýr.	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:	41						
Hrein eign til greiðslu lífeyris		88.305.028		88.305.028	82.886.486		82.886.486
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(1.590.111)		(1.590.111)	(1.399.250)		(1.399.250)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa		(484.267)		(484.267)	(363.065)		(363.065)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar		(521.934)		(521.934)	(377.418)		(377.418)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		(2.139.279)	(3.109.775)	(5.249.054)	(2.015.105)	(2.856.662)	(4.871.767)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	63.727.349	63.727.349	0	56.421.523	56.421.523
Eignir samtals		83.569.437	60.617.574	144.187.011	78.731.648	53.564.861	132.296.509
Skuldbindingar:							
Ellilífeyrir		73.087.413	54.012.950	127.100.363	64.761.010	46.438.111	111.199.121
Örorkulífeyrir		5.423.983	7.109.688	12.533.671	5.046.779	6.217.292	11.264.071
Makalífeyrir		8.269.678	217.165	8.486.843	8.005.414	199.836	8.205.250
Barnalífeyrir		73.115	1.188.910	1.262.025	79.298	1.145.544	1.224.842
		86.854.189	62.528.713	149.382.902	77.892.501	54.000.783	131.893.284
Eignir umfram skuldbindingar		(3.284.752)	(1.911.139)	(5.195.891)	839.147	(435.922)	403.225
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(3,8%)	(3,1%)	(3,5%)	1,1%	(0,8%)	0,3%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		1,1%	(0,8%)	0,3%	(1,7%)	0,8%	(0,7%)



YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2016 - SAMTRYGGINGARSJÓÐUR

	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.499.207	1.325.918
Iðgjöld launagreiðenda		3.190.128	2.817.798
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(864)	(1.863)
		4.688.471	4.141.854
Sérstök aukaframlög		37.192	32.045
	7, 14	4.725.663	4.173.899
Lífeyrir:			
Heildarfjárhæð lífeyris		1.532.493	1.373.299
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		60.664	64.909
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.265	482
	8, 15	1.595.422	1.438.691
Hreinar fjárfestingartekjur:			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	9, 16	(352.854)	3.223.687
Hreinar tekjur af skuldabréfum	9, 18	2.834.248	3.339.254
Vaxtatekjur af handbæru fé		43.473	103.830
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		15.028	14.361
Fjárfestingargjöld	19	(24.737)	(21.924)
		2.515.158	6.659.207
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	20–24	230.147	224.738
Aðrar tekjur		3.290	1.978
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		5.418.542	9.171.654
Hrein eign frá fyrra ári		82.886.486	73.714.831
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		88.305.028	82.886.486



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016 – SAMTRYGGINGARSJÓÐUR

	Skýr.	2016	2015
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	25–28	29.171.949	36.466.451
Skuldabréf	29–31	55.943.346	43.894.597
Aðrar fjárfestingar	32	14.660	22.322
		85.129.955	80.383.370
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		450.000	420.000
Aðrar kröfur	36	89.190	99.845
		539.190	519.845
Handbært fé		2.693.709	2.033.838
Eignir samtals		88.362.854	82.937.053
Skuldir:			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	37	49.652	50.565
Aðrar skuldir	38	8.175	2
Skuldir samtals		57.826	50.567
Hrein eign til greiðslu lífeyris		88.305.028	82.886.486

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2016 – SAMTRYGGINGARSJÓÐUR

	Skýr.	2016	2015
Inngreiðslur:			
lðgjöld		4.710.311	4.188.260
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		78.997	103.075
Aðrar inngreiðslur		(1.556)	6.912
		4.787.752	4.298.247
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		1.595.422	1.438.691
Rekstrarkostnaður		253.932	232.992 1
Aðrar útgreiðslur		85.117	252.234
		1.934.471	1.923.917
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		2.853.281	2.374.330
Fjárfestingarhreyfingar:			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		568.812	275.637
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(4.855.572)	(3.710.511)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		11.628.706	2.182.222
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		4.970.362	4.393.044
Keypt skuldabréf		(14.592.127)	(6.100.920)
Seld skuldabréf		124.752	256.807
Innborgaðar tekjur vegna reksturs húsnæðis		0	71.825
Gjöld vegna reksturs íbúðarhúsnæðis		(8.467)	(2.710)
Keyptar aðrar fjárfestingar		5.386	0
Seldar aðrar fjárfestingar		10.507	0
		(2.147.642)	(2.634.606)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		705.639	(260.276)
Gengismunur af handbæru fé		(45.768)	74
Handbært fé í upphafi árs		2.033.838	2.294.041
Handbært fé í lok árs		2.693.709	2.033.838

Fjárhæðir í þúsundum króna



YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2016 – SÉREIGNARSJÓÐUR

	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Húsnæðis-safn	Samtals 2016	Samtals 2015
Iðgjöld:										
Iðgjöld sjóðfélaga		832.131	1.061.155	350.005	470.637	15.611	3.298	48	2.732.886	2.461.722
Iðgjöld launagreiðenda		1.289.811	1.592.580	400.989	539.562	19.581	5.958	33	3.848.513	3.416.871
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(749.136)	(1.369.779)	1.760.037	117.717	13.994	59.386	0	(167.781)	(43.436)
	7, 14	1.372.806	1.283.956	2.511.030	1.127.916	49.187	68.642	81	6.413.617	5.835.158

Lífeyrir:

Heildarfjárhæð lífeyris	8, 15	429.977	1.010.498	426.303	841.192	32.009	5.356	0	2.745.335	2.787.175
Hreinar fjárfestingartekjur:										
Hreinar tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum	9, 16	(354.942)	(670.730)	(1.743)	1.456	6.011	4.718	(0)	(1.015.230)	2.523.210
Hreinar tekjur af skuldabréfum	9, 18	331.185	1.215.694	258.083	0	43.305	8.403	0	1.856.670	2.728.330
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0	76.668	889.088	0	0	0	965.756	900.075
Vaxtatekjur af handbæru fé		5.336	6.813	27.757	79.786	3.260	3.547	0	126.499	175.389
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		3.291	4.839	1.231	875	40	36	0	10.313	9.570
Fjárfestingargjöld	19	(4.745)	(13.202)	(2.721)	(5.776)	(268)	(103)	0	(26.815)	(23.918)
		(19.874)	543.415	359.276	965.429	52.347	16.601	(0)	1.917.194	5.690.195

Rekstrarkostnaður:

Skrifstofu- og stjórnumarkostnaður	20–24	42.828	121.465	22.671	59.761	2.773	815	0	250.314	247.938
Aðrar tekjur		623	1.768	328	866	40	12	0	3.637	2.773
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		880.748	697.175	2.421.659	1.193.258	66.793	79.083	81	5.338.798	8.492.284
Hrein eign frá fyrra ári		15.790.483	45.205.665	7.443.415	21.541.901	1.007.418	275.714	0	91.264.596	82.772.311
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		16.671.232	45.902.840	9.865.074	22.735.159	1.074.211	354.797	81	96.603.394	91.264.596



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016 – SÉREIGNARSJÓÐUR

	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Húsnæðis-safn	Samtals 2016	Samtals 2015
Fjárfestingar:										
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	25–28	9.820.686	20.309.399	1.446.854	0	114.179	93.437	0	31.784.556	37.031.279
Skuldabréf	29–31	6.190.042	24.130.693	5.780.006	0	851.894	184.849	23	37.137.507	28.474.217
Bundnar bankainnstæður		0	0	2.091.725	20.960.393	0	0	0	23.052.118	21.524.362
Aðrar fjárfestingar	32	1.604	5.719	1.112	0	0	0	0	8.435	13.020
		16.012.332	44.445.811	9.319.697	20.960.393	966.074	278.286	23	91.982.615	87.042.877

Kröfur:

Aðrar kröfur	36	21.802	47.861	4.087	123	93	64	0	74.030	67.217
Handbært fé		659.506	1.469.258	556.849	1.805.459	108.838	77.119	58	4.677.088	4.306.123
Eignir samtals		16.693.640	45.962.930	9.880.633	22.765.975	1.075.005	355.469	81	96.733.733	91.416.216

Skuldir:

Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	37	4.623	40.229	9.227	15.814	666	515	0	71.075	77.930
Aðrar skuldir	38	17.786	19.861	6.331	15.001	128	157	0	59.265	73.691
Skuldir samtals		22.408	60.090	15.559	30.816	794	672	0	130.339	151.621
Hrein eign til greiðslu lífeyris		16.671.232	45.902.840	9.865.074	22.735.159	1.074.211	354.797	81	96.603.394	91.264.596



SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2016 – SÉREIGNARSJÓÐUR

	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Húsnæðis-safn	Samtals 2016	Samtals 2015
Inngreiðslur:										
Iðgjöld		1.376.025	1.288.590	2.512.224	1.128.691	49.222	68.677	81	6.423.511	5.844.728
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		23.019	41.149	28.886	79.891	3.265	3.549	0	179.758	176.348
Aðrar inngreiðslur		3.809	17.754	5.721	182	7	432	0	27.905	17.379
		1.402.853	1.347.493	2.546.832	1.208.764	52.494	72.657	81	6.631.174	6.038.455
Útgreiðslur:										
Lífeyrir		437.148	1.015.206	428.296	846.996	32.054	5.228	0	2.764.928	2.944.956
Rekstrarkostnaður		47.393	134.517	24.899	66.071	3.069	897	0	276.845	257.466
Aðrar útgreiðslur		21.170	47.972	5.701	17.797	1.082	37	0	93.759	317.326
		505.711	1.197.695	458.896	930.864	36.204	6.162	0	3.135.532	3.519.748
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		897.142	149.797	2.087.936	277.900	16.291	66.496	81	3.495.642	2.518.707
Fjárfestingarhreyfingar:										
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		86.574	232.460	18.495	0	840	427	0	338.795	226.776
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(1.701.810)	(2.953.738)	(288.811)	0	0	(15.014)	0	0	(4.983.481)	(3.279.104)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.920.324	6.255.781	563.657	0	0	0	0	0	8.739.762	1.665.561
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	580.589	2.202.499	511.916	2.322	42.174	55.064	0	0	3.394.564	3.567.015
Keypt skuldabréf	(1.687.480)	(5.731.345)	(2.628.131)	0	0	(81.616)	(23)	(10.104.486)	(5.185.306)	
Seld skuldabréf	14.941	61.768	31.367	0	0	0	0	0	108.076	468.798
Ný bundin innlán	0	0	(645.000)	0	0	0	0	0	(645.000)	(1.100.000)
Endurgreidd bundin innlán	0	0	83.000	0	0	0	0	0	83.000	1.210.498
Innborgaðar tekjur vegna reksturs húsnæðis	0	0	0	0	0	0	0	0	0	49.184
Gjöld vegna reksturs íbúðarhúsnæðis	(1.011)	(4.137)	(424)	0	0	0	(0)	(5.572)	(1.865)	
Keyptar aðrar fjárfestingar	299	2.165	(564)	0	0	0	(0)	1.901	0	
Seldar aðrar fjárfestingar	1.258	5.204	530	0	0	0	0	6.993	0	
	(786.315)	70.656	(2.253.965)	2.322	43.014	(41.138)	(23)	(3.065.449)	(2.378.442)	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	110.827	220.454	(266.029)	280.222	59.304	25.358	58	430.193	140.265	
Gengismunur af handbæru fé	(18.853)	(38.522)	(1.853)	0	0	0	0	(59.228)	(994)	
Handbært fé í upphafi árs	567.533	1.287.326	824.731	1.525.238	49.534	51.761	0	4.306.123	4.166.852	
Handbært fé í lok árs	659.506	1.469.258	556.849	1.805.459	108.838	77.119	58	4.677.088	4.306.123	

Fjárhæðir í þúsundum króna



REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. UPPLÝSINGAR UM LÍFEYRISSJÓÐINN

Almenni lífeyrissjóðurinn er með aðsetur í Borgartúni 25, Reykjavík. Sjóðurinn er öllum opin, en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reiknings-skilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Sjóðurinn skiptist í tvo sjóði, samtryggingarsjóð og séreignarsjóð. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í einu verðbréfasafni en séreignarsjóður skiptist í sjö ávöxtunarleiðir með mismunandi fjárfestingarstefnum.

3. UM EIGNAMAT

Fjárfestingar eru færðar á gangvirði að undanskildum útlánum til sjóðfélaga sem eru eignfærð á uppgreiðsluverði (eftirstöðvum með áföllnum vöxtum og verðbótum) eða miðað við þau vaxtakjör sem um var samið þegar bréfið var keypt eða mótttekið.

Sjá skýringu 12 og 34 um eignamat verðbréfa.

4. MAT OG ÁKVARÐANIR VIÐ BEITINGU REIKNINGSSKILAAÐFERÐA

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reiknings-skilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og

jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum 12-13.

5. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum. Verulegar breytingar áttu sér stað á árinu 2015 þar sem Fjármálaeftirlitið gaf út nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Helstu breytingar snúa að framsetningu ársreikningsins í heild sinni ásamt matsaðferðum.

Áhrif reglnanna á sjóðinn snúa að framsetningu ársreikningsins en matsaðferðir samkvæmt hinum nýju reglum hafa ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Samanburðartölum hefur í öllum tilfellum verið breytt í samræmi við hina nýju framsetningu.

6. ERLENDIR GJALDMIÐLAR

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og -gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

7. IÐGJÖLD

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum samtryggingarsjóðs í árslok m.v. fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Iðgjöld í séreignarsjóð eru bókuð miðað við greiðsludag eða þegar inneign myndast. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

8. LÍFEYRIR

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, það er ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Undir þennan lið fellur einnig sérstakt gjald til Virk, starfsendurhæfingarsjóðs, og annar beinn kostnaður við örorkumat.

9. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

Hreinar fjárfestingartekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum eru tekjur af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga. Undir þennan lið falla arðgreiðslur, hagnaður og tap af sölu eignarhluta í félögum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, breytingar á gangvirði félaga og sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hreinar tekjur af skuldabréfum eru tekjur af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga. Undir þennan lið falla vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði skuldabréfa að meðtalinni varúðarniðurfærslu vegna tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörsdegi svo og hliðstæðar tekjur og gjöld.

10. FJÁRFESTINGARGJÖLD

Umsjónarlaun innlendra og erlendra sjóða, sem lífeyrissjóðurinn fjárfestir í, eru ekki talin með sem fjárfestingargjöld lífeyrissjóðsins en umsjónarlaunin dragast frá ávöxtun viðkomandi sjóðs. Vegin umsjónarlaun allra sjóða (verðbréfa-, fjárfestinga- og framtakssjóða) eru um 0,39% af fjárfestingum í sjóðunum og voru alls um kr. 194 milljónir á árinu 2016. Fjárhæðin skiptist þannig að um 73 m.kr. eru vegna innlendra sjóða og um 121 m.kr. er vegna erlendra sjóða. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur mikla áherslu á að kostnaður við fjárfestingar sé lágur þannig að sem mest af ávöxtun skili sér til sjóðfélaga. Hátt hlutfall fjárfestinga í erlendum hlutabréfasjóðum er t.d. í vísitölusjóðum þar sem kostnaður er lágur.



11. FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar í eigu sjóðsins er skipt í eignarhluti í félögum og sjóðum, skuldabréf og bundnar bankainnstæður. Til eignarhluta í félögum og sjóðum teljast hlutabréf, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Til skuldabréfa teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun og skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé. Gjaldmiðlagengi erlendra eigna er skráð á kaupgengi Seðlabanka Íslands þann 31.12.2016. Skipting erlendra eigna á helstu gjaldmiðla er sem hér segir í árslok 2016.

31.12.2016	ÆI	ÆII	ÆIII	TD
Bandaríkjadollar	59%	60%	61%	61%
Evra	14%	14%	14%	14%
Japanskt jen	8%	8%	8%	8%
Sterlingspund	6%	6%	6%	6%
Kanadadollar	3%	3%	3%	3%
Aðrar myntir	10%	9%	9%	9%

MAT STJÓRNENDA OG ÁLYKTANIR VIÐ BEITINGU REIKNINGSSKILAADFERÐA

12. EIGNAMAT VERÐBRÉFA

Í daglegu gengisuppgjöri lífeyrissjóðsins er farið yfir allar eignir sjóðsins og þær metnar. Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði en óskráð verðbréf á áætluðu markaðsverði. Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við þau vaxtakjör sem um var samið þegar bréfið var keypt eða móttekið. Framtakssjóðir (private equity og mezzanine funds) eru metnir á innra virði í samræmi við árshlutauppgjör og endurskoðuð ársuppgjör.

Mat á markaðsskuldabréfum skiptist upp í þrjú þrep:

1. Skráð verð eigna og skulda sem átt er viðskipti með á virkum mörkuðum. Meirihluti skuldabréfa sjóðsins fellur undir þetta þrep eða um 82% af skuldabréfum.
2. Matsaðferð sem byggir á viðskiptum á markaði með sambærilegar eignir, t.d. með eignir þar sem stopul viðskipti eiga sér stað. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa með sambærilega tímalengd, sem eru virk í viðskiptum, er notuð sem viðmið við verðmat á skuldabréfum. Um 18% af skuldabréfum sjóðsins fellur undir þetta þrep.
3. Matsaðferð byggir að verulegu leyti á verðlíkönum. Óverulegur hluti fellur hér undir eða innan við 0,1% af skuldabréfum sjóðsins.

13. SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

Markaðsverðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna verðbreytinga á fjármálagerningum, sem skráðir eru á markaði eða hafa beina tengingu við skráð markaðsbréf. Með virði í húfi (VaR, Value at risk) er átt við hve mikið er talið að virði eignasafns geti rýmað á tilteknu tímabili undir eðlilegum kringumstæðum. Sjóðurinn reiknar virði í húfi með 95% öryggismörkum til að meta umfang markaðsáhættu í ávöxtunarleiðum. Útreikningur á virði í húfi byggir á mánaðarlegum ávöxtunargildum og flökti ávöxtunar síðastliðinna þriggja ára og gefur til kynna að í 95% tilvika verði mánaðarávöxtun á þriggja ára tímabili jöfn eða betri en útreiknað virði í húfi.

Virði í húfi fyrir ávöxtunarleiðir Almenna samkvæmt ofangreindu.

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Innlána-safn	Samtr.-sjóður
VaR (95%) *	(2,6%)	(1,9%)	(0,4%)	(1,4%)	(0,02%)	(0,3%)	(1,4%)

* Áætlað virði í húfi sem hlutfall af eignum viðkomandi ávöxtunarleiða.



44. EFTIRLIT OG STÝRING FJÁRHAGSLEGRAR ÁHÆTTU, frh.

Vaxtaáhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Næmi skuldabréfaverðs fyrir breytingum á markaðsvöxtum er jafnan mælt í meðaltíma skuldabréfs, í því samhengi lækkar skuldabréf með langan meðaltíma meira í verði þegar markaðsvextir hækka heldur en skuldabréf með styttri meðaltíma. Almenni lífeyrissjóðurinn skilgreinir stefnu um meðaltíma og vikmörk fyrir ávöxtunarleiðir. Sjóðfélögum er ráðlagt að velja sér ávöxtunarleiðir fyrir séreignarsparnaðar með tilliti til vænts sparnaðartíma. Taflan hér fyrir neðan sýnir meðaltíma skuldabréfa í ávöxtunarleiðum og áætlað næmi leiðanna fyrir hliðrun vaxtakúrfunnar upp um eitt prósentustig. Hliðrist vaxtakúrfan niður um eitt prósentustig er áætlað næmi svipað en þá í gagnstæða átt.

Veginn meðaltími skuldabréfaeigna og áætlað næmi ávöxtunarleiða samkvæmt ofangreindu.

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Innlánasafn	Samtryggingarsjóður
Meðaltími	9,3	9,3	6,0	8,3	1,2	0,0	9,3
Vægi skuldabréfa	38,6%	54,5%	59,9%	89,7%	73,9%	0,0%	66,5%
Næmi (100p) *	(3,6%)	(5,1%)	(3,6%)	(7,4%)	(0,9%)	0,0%	(6,2%)

* Áætluð lækkun á virði heildareigna ávöxtunarleiðar ef ávöxtunarkrafa hækkar um eitt prósentustig.

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni (styrking ISK) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Samtryggingarsjóður og Ævisöfn 1–3 eiga safn erlendra eigna, allar eignir annarra safna eru í samræmi við fjárfestingarstefnu í íslenskum krónum. Stefna sjóðsins er að gjaldmiðlasamsetning erlendra eigna endurspegli gjaldmiðlaskiptingu MSCI heimsvísitölu hlutabréfa.

Vægi helstu gjaldmiðla í safni erlendra eigna.

	USD	EUR	JPY	GBP	CHF	CAD	AUD	Annað
Vægi	59,4%	14,1%	8,0%	5,8%	2,9%	3,0%	2,2%	4,6%

Sjóðurinn reiknar samdreifni gengispróunar gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni og virði í húfi (VaR, Value at Risk) með 99,5% öryggismörkum fyrir gjaldmiðlasamsetningu erlendra eigna til að meta umfang gjaldmiðlaáhættu. Útreikningurinn byggir á gengispróun og flökti gengispróunar gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni milli mánaða síðastliðin þrjú ár (fært á ársgrundvöll) og gefur til kynna að í 99,5% tilvika verði ársbreyting í virði erlendra eigna vegna gengispróunar íslensku krónunnar gagnvart undirliggjandi gjaldmiðlum, á þriggja ára tímabili jöfn, eða hagstæðari en útreiknað virði í húfi. Reiknað 99,5% virði í húfi fyrir safn erlendra eigna vegna gjaldmiðlaáhættu er í árslok -19,72%.

Vægi erlendra eigna í ávöxtunarleiðum.

	2016				2015			
	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingarsjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingarsjóður
Erlendar eignir alls	45,1%	32,8%	10,2%	21,5%	46,2%	33,3%	6,7%	20,4%
Par af USD	26,8%	19,7%	6,2%	13,0%	26,5%	19,3%	4,0%	12,1%
Par af EUR	6,4%	4,5%	1,4%	2,9%	6,7%	4,8%	0,9%	2,8%
Par af JPY	3,5%	2,5%	0,8%	1,6%	3,8%	2,7%	0,5%	1,6%
Par af GBP	2,7%	1,9%	0,6%	1,3%	3,1%	2,2%	0,4%	1,3%



44. EFTIRLIT OG STÝRING FJÁRHAGSLEGRAR ÁHÆTTU, frh.

Næmni gagnvart gjaldeyrisáhættu

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif 10% styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum til lækkunar á hreinni eign til greiðslu lífeyris ef öllum öðrum breytum er haldið föstum. Veiking íslensku krónunnar um 10% hefði jafn mikil áhrif til hækkunar hreinnar eignar til greiðslu lífeyris.

	2016				2015			
	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingarsjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingarsjóður
USD	(2,7%)	(2,0%)	(0,6%)	(1,3%)	(2,7%)	(1,9%)	(0,4%)	(1,2%)
EUR	(0,6%)	(0,5%)	(0,1%)	(0,3%)	(0,7%)	(0,5%)	(0,1%)	(0,3%)
JPY	(0,4%)	(0,3%)	(0,1%)	(0,2%)	(0,4%)	(0,3%)	(0,1%)	(0,2%)
GBP	(0,3%)	(0,2%)	(0,1%)	(0,1%)	(0,3%)	(0,2%)	(0,0%)	(0,1%)

45. EFTIRLIT OG STÝRING MÓTAÐILAÁHÆTTU

Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í viðskiptum eða útgefandi verðbréfs geti ekki staðið við skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum eða uppfylli ekki ákvæði samnings að öðru leyti. Sjóðurinn hefur eftirlit með sex þáttum mótaðilaáhættu, þ.e. útlánaáhættu, útgefendur hlutabréfa, samþjöppunaráhættu, landsáhættu, afhendingaráhættu og uppgjörsáhættu. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er skilgreint hámarksvægi á sama útgefanda verðbréfa í eigu sjóðsins til að draga úr mótaðilaáhættu. Einnig hefur sjóðurinn skilgreint viðmiðanir um fjárhagslegan styrk og arðsemi útgefenda til hliðsjónar við val á verðbréfum til að draga úr tapsáhættu eins og hægt er. Sjóðurinn setur þau skilyrði við kaup á verðbréfum að hafa aðgang að árs- og milliuppgjörum útgefenda til greiningar með tilliti til skilgreindra viðmiðana.

46. EFTIRLIT OG STÝRING ÚTLÁNAÁHÆTTU

Útlánaáhætta er hættan á greiðslufalli tiltekins skuldara og tapi sem af því getur orðið og er jafnan mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati. Útgefendur þurfa að uppfylla viðmiðanir um rekstrar- og efnahagslega þætti sem skilgreindar eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins þegar ákvörðun er tekin um fjárfestingar. Skuldabréf útgefenda sem ekki uppfylla lágmarksskilyrði samkvæmt framansögðu eru ekki keypt nema með skilmálum sem tryggja betur rétt sjóðsins og/eða tryggingum sem sjóðurinn metur gildar. Í kjölfar birtinga ársskýrsla útgefenda er framkvæmt mat á stöðu útgefenda gagnvart framansögðum viðmiðunum. Lánshæfismatsfyrirtækið Reitun ehf. lánshæfismetur skuldabréfaeignir ávöxtunarleiða árlega.

Mat á umfangi útlánaáhættu

Reitun ehf. byggir mat sitt á greiningu einstakra útgefenda útfrá skilgreindum matsaðferðum og byggir greiðslufallslíkur á erlendum gagnasöfnum. Matskerfið byggir á einkunnakerfi sem lýst er með grunnflokkunum i.AAA til i.D. Félög með sömu einkunn hafa að jafnaði sömu gjaldþrotalíkur en einnig er gert ráð fyrir að meðaltal vænts taps útistandandi krafna félaga með sömu einkunn sé hið sama. Ef ástæða er til að ætla að væntar endurheimtur skuldabréfs séu aðrar en meðalendurheimtur útgefenda fær bréfið einkunn miðað við viðmiðunarlíkur gjaldþrots útgefandans og vænt endurheimtuhlutfall bréfsins. Heildareinkunn skuldabréfasafns í eigu ávöxtunarleiða er einkunn einstakra skuldabréfa vegin að fjárhæð útistandandi heildarvirðis viðkomandi skuldabréfs.

Lánshæfiseinkunn og mat á tapslíkum

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Innlánasafn	Samtryggingarsjóður
Heildarvirði m.kr.	6.188	24.273	5.797	1.030	278	-	56.691
Meðaltími	9,3	9,3	6,0	8,3	1,2	-	9,3
Einkunn	i.AA3	i.AA3	i.AA3	i.AAA	i.AAA	-	i.AA3
Vænt tap á líftíma	0,5%	0,5%	0,3%	0,0%	0,0%	-	0,5%
Vænt tap á líftíma m.kr.	30,2	115,8	17,9	0,0	0,0	-	276,7



Eftirfarandi tafla sýnir vanskilafjárhæð útlána flokkuð eftir aldri (m.kr)

	Lán til sjóðfélaga		Önnur skuldabréf		Samtals	
	2016	2015	2016	2015	2016	2015
31–60 dagar	4,0	2,0	0,0	0,0	4,0	2,0
61–90 dagar	0,6	0,7	3,0	26,0	3,6	26,7
Vanskil yfir 90 dögum	29,1	63,4	0,0	6,0	29,1	69,4

47. EFTIRLIT OG STÝRING LAUSAFJÁRÁHÆTTU

Lausafjáraáhætta er hættan á að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til að standa við nauðsynlegar greiðslur t.d. til að greiða lífeyri, gera upp verðbrefaviðskipti, standa straum af rekstrarkostnaði og einnig ef mæta þarf óvæntu útstreymi t.a.m. vegna flutninga á inneign í séreignarsjóði til annarra vörsluaðila. Sjóðurinn hefur skilgreint lágmarkshlutföll auðseljanlegra eigna í hverri ávöxtunarleidd svo bregðast megi við óvæntri þörf á auknu lausafé. Auðseljanlegar eignir í þessu samhengi eru laust fé, innlend og erlend ríkisskuldabréf, skráð innlend og erlend hlutabréf. Að auki eru sjóðfélagalán í eigu séreignaleiða flokkuð sem auðseljanleg þar sem samtryggingarsjóður myndi vilja kaupa þau ef séreignarleiddir þyrftu á því að halda. Taflan hér fyrir neðan sýnir laust fé og auðseljanlegar eignir fyrir ávöxtunarleiddir Almenna samkvæmt skilgreiningum sjóðsins, heildarvirði sjóðfélagalána í eigu séreignarleidda koma til frádráttar undir samtryggingarsjóði.

Laust fé og auðseljanlegar eignir í ávöxtunarleiddum

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Innlánasafn	Samtryggingarsjóður
Innlán	1,1%	0,5%	25,2%	10,0%	21,4%	100,0%	0,4%
Íslensk ríkisskuldabréf	18,6%	25,9%	38,6%	90,0%	78,6%	0,0%	32,5%
Sjóðfélagalán	8,0%	11,6%	4,3%	0,0%	0,0%	0,0%	(9,3%)
Innlend hlutabréf skráð	10,8%	9,0%	3,5%	0,0%	0,0%	0,0%	9,0%
Erlendur gjaldeyrir	1,2%	0,9%	0,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%
Erlend ríkisskuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Erlend hlutabréf	43,1%	30,9%	9,5%	0,0%	0,0%	0,0%	19,8%
Auðseljanlegar eignir	82,7%	78,8%	81,5%	100,0%	100,0%	100,0%	52,8%
Lágmark	75,0%	75,0%	75,0%	75,0%	75,0%	75,0%	30,0%

48. EFTIRLIT OG STÝRING SKULDBINDINGAÁHÆTTU

Skuldbindingaáhætta er hættan á því að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og greitt lífeyri. Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð með það að markmiði að sjóðurinn eigi eignir fyrir skuldbindingum og áhættustefnan skilgreinir enn frekar það eftirlit sem framkvæmt er til að tryggja framfylgni fjárfestingarstefnu, reglna og laga. Sjóðurinn framkvæmir a.m.k. einu sinni á ári álagspróf og metur hvaða áhrif breytingar í ytra umhverfi hafa á skuldbindingar og tryggingafræðilega stöðu. Taflan sýnir samantekt á áhrifum breytinga forsendna við mat á skuldbindingum samtryggingarsjóðs.



Samandregið álagspróf samtryggingarsjóðs (ma.kr)	Úttekt ¹	Núvirðisvextir ²	Líftöflur ³	Örorkulíkur ⁴	Verðbólga ⁵
Tryggingafræðileg eign	83,6	86,0	83,5	83,6	83,8
Áfallin skuldbinding	86,9	96,1	93,5	87,3	87,3
Staða	-3,3	-10,1	-10,0	-3,7	-3,5
Staða í hlutfalli af skuldbindingu	(3,8%)	(10,5%)	(10,7%)	(4,3%)	(4,0%)
Núvirði iðgjalda	60,6	64,1	61,0	60,4	60,6
Framtíðarskuldbinding	62,5	73,5	67,9	63,3	62,5
Staða	-1,9	-9,4	-6,9	-2,9	-1,9
Staða í hlutfalli af skuldbindingu	(3,1%)	(12,8%)	(10,2%)	(4,5%)	(3,0%)
Heildareign	144,2	150,1	144,5	144,0	144,4
Heildarskuldbinding	149,4	169,6	161,4	150,6	149,8
Staða	-5,2	-19,5	-16,9	-6,6	-5,4
Staða í hlutfalli af skuldbindingu	(3,5%)	(11,5%)	(10,5%)	(4,4%)	(3,6%)

1 Úttekt á tryggingafræðilegri stöðu í árslok 2016

2 Núvirðisvextir lækkaðir um 0,5%

3 Líftöflur hliðrast um 2 ár


4 Örorkulíkur auknar um 10%

5 VNV hækkun ársins aukin um 0,5% stig

49. EFTIRLIT OG STÝRING REKSTRARÁHÆTTU

Rekstraráhætta er hættan á því að sjóðurinn verði fyrir tjóni vegna ófullnægjandi innri verkferla, mistaka eða svika starfsmanna, upplýsingatæknimála eða ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða. Sjóðurinn hefur eftirlit með tíu þáttum rekstraráhættu, þ.e. starfsmannaáhættu, áhættu vegna svika, áhættu vegna upplýsingatækni, orðsporsáhættu, lagalegri áhættu, skjalaáhættu, úrskurðaráhættu lífeyris, áhættu vegna útivistunar, upplýsingaáhættu og frávikaáhættu. Við daglegan rekstur lífeyrissjóðsins eru ótal áhættuþættir sem geta haft áhrif á starfsemi hans og leitt til tjóns fyrir sjóðfélaga. Til að draga úr slíkri rekstraráhættu er unnið eftir verkferlum, vinnureglum og starfslýsingum og eftirlit haft með að þeim sé fylgt, ásamt öðrum reglum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett sér samskipta- og starfsreglur og starfsmenn hafa sett sér siðareglur. Í áhættustefnu sjóðsins er skilgreint hvernig eftirliti með rekstraráhættu er háttað. Innri endurskoðandi sjóðsins fylgist með innra eftirliti sjóðsins auk þess sem endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni eftirlitsins.





SELECTED FINANCIAL INFORMATION 2016

STATEMENT OF CHANGES IN NET ASSETS FOR PENSION PAYMENTS IN 2016

	2016	2015
Premiums:		
Members	4,232,093	3,787,640
Employers	7,038,642	6,234,670
Transfer of rights and repayments	(168,646)	(45,298)
	11,102,089	9,977,012
Special supplementary premiums	37,192	32,045
	11,139,281	10,009,057
Pensions:		
Total amount of pensions	4,277,828	4,160,474
Contribution to Rehabilitation Fund	60,664	64,909
Direct expenses from invalidity pensions	2,265	482
	4,340,757	4,225,865
Net investment income:		
Net income from holdings in companies and funds	(1,368,084)	5,746,896
Net income from bonds	4,690,918	5,445,123
Interest income from bank deposits	965,756	900,075
Interest income from cash equivalents	169,972	279,219
Interest income from premiums and other claims	25,341	23,931
Investment expenses	(51,551)	(45,842)
	4,432,352	12,349,402
Operating expenses:		
General and administrative expenses	480,462	472,677
Other income	6,927	4,022
Changes of net assets for pension payments during the year	10,757,340	17,663,939
Net assets from previous year	174,151,082	156,487,143
Net assets for pension payments at year end	184,908,421	174,151,082

Amounts are in ISK thousands



BALANCE SHEET DECEMBER 31, 2016

	2016	2015
Investments:		
Holdings in companies and funds	60,956,504	73,497,730
Bonds	93,080,852	72,368,813
Bank deposits	23,052,118	21,524,362
Other investments	23,095	35,342
	177,112,570	167,426,247
Claims:		
Premiums receivable	450,000	420,000
Other claims	163,220	167,061
	613,220	587,061
Cash equivalents	7,370,797	6,339,961
Total assets	185,096,587	174,353,269
Liabilities:		
Cost incurred and income collected in advance	120,727	128,495
Other liabilities	67,439	73,693
Total liabilities	188,166	202,188
Net assets for pension payments	184,908,421	174,151,082
Commitments off Balance Sheet	5,395,095	3,860,556

STATEMENT OF CASH FLOW 2016

	2016	2015
Inflow:		
Premiums	11,133,823	10,032,988
Paid interest income on cash equivalents and claims	258,755	279,423
Other inflow	26,349	24,291
	11,418,927	10,336,701
Outflow:		
Pensions	4,360,350	4,383,647
Operating expenses	530,777	490,458
Other outflow	178,876	569,560
	5,070,003	5,443,665
New disposable resources for investments	6,348,924	4,893,037
Investment transactions:		
Received income from holdings in companies and funds	907,607	502,412
Investments in holdings in companies and funds	(9,839,053)	(6,984,275)
Sold holdings in companies and funds	20,368,468	3,847,783
Installments on bond principals and interest	8,364,926	7,960,059
Investments in bonds	(24,696,613)	(11,291,565)
Sold bonds	232,827	725,605
New bank deposits	(645,000)	(1,100,000)
Repaid bank deposits	83,000	1,210,498
Inflow from operation of real estate	0	121,009
Outflow due to operation of real estate	(14,040)	(4,575)
New other investments	7,287	0
Sold other investments	17,500	0
	(5,213,091)	(5,013,048)
Increase (decrease) in cash equivalents	1,135,832	(120,012)
Exchange rate difference on cash equivalents	(104,996)	(920)
Cash equivalents at beginning of year	6,339,961	6,460,893
Cash equivalents at year end	7,370,797	6,339,961



STATEMENT OF ACTUARIAL POSITION DECEMBER 31, 2016

	December 31, 2016			December 31, 2015		
	Accrued position	Future position	Total	Accrued position	Future position	Total
Assets:						
Net assets for pension payments	88,305,028		88,305,028	82,886,486		82,886,486
Difference in book value and net present value of bonds	(1,590,111)		(1,590,111)	(1,399,250)		(1,399,250)
Difference in book value and valuation of listed holdings in companies	(484,267)		(484,267)	(363,065)		(363,065)
Net present value of future investment expenses	(521,934)		(521,934)	(377,418)		(377,418)
Net present value of future operating expenses	(2,139,279)	(3,109,775)	(5,249,054)	(2,015,105)	(2,856,662)	(4,871,767)
Net present value of future premiums	0	63,727,349	63,727,349	0	56,421,523	56,421,523
Total assets	83,569,437	60,617,574	144,187,011	78,731,648	53,564,861	132,296,509
Liabilities:						
Old age pension	73,087,413	54,012,950	127,100,363	64,761,010	46,438,111	111,199,121
Invalidity pension	5,423,983	7,109,688	12,533,671	5,046,779	6,217,292	11,264,071
Spouses pension	8,269,678	217,165	8,486,843	8,005,414	199,836	8,205,250
Child pension	73,115	1,188,910	1,262,025	79,298	1,145,544	1,224,842
	86,854,189	62,528,713	149,382,902	77,892,501	54,000,783	131,893,284
Net assets in excess of liabilities	(3,284,752)	(1,911,139)	(5,195,891)	839,147	(435,922)	403,225
Ration of net assets to liabilities at year end	(3,8%)	(3,1%)	(3,5%)	1,1%	(0,8%)	0,3%
Ratio of net assets to liabilities at the beginning of the year	1,1%	(0,8%)	0,3%	(1,7%)	0,8%	(0,7%)

FINANCIAL INDICATORS

Defined benefit plan	2016	2015	2014	2013	2012
Net real yield	0.6%	6.5%	6.2%	3.7%	9.8%
Average net real yield the last 5 years	5.3%	6.1%	5.1%	3.8%	(3.2%)
Average net real yield the last 10 years	(0.1%)	1.1%	1.6%	2.0%	2.9%
Investment securities					
Listed holdings in companies and funds	29.8%	39.6%	36.1%	34.4%	34.6%
Unlisted holdings in companies and funds	4.4%	5.8%	8.6%	6.7%	6.4%
Listed bonds	50.1%	41.2%	41.0%	43.3%	40.5%
Unlisted bonds	15.6%	13.4%	14.2%	15.4%	18.4%
Other investments			0.1%	0.2%	0.1%
 Assets in ISK	 77.9%	 78.4%	 77.3%	 78.1%	 77.0%
Assets in foreign currencies	22.1%	21.6%	22.7%	21.9%	23.0%
Pension payments					
Old age pension	78.7%	77.5%	77.1%	75.7%	78.4%
Spouses pension	11.6%	11.5%	12.0%	12.5%	11.8%
Invalidity pension	8.5%	9.7%	9.5%	10.2%	8.6%
Child pension	1.2%	1.3%	1.4%	1.5%	1.3%
 Financial position according to actuarial position					
Net assets divided by accrued provisions	(3.8%)	1.1%	(1.7%)	(4.4%)	(7.6%)
Net assets divided by total provisions	(3.5%)	0.3%	(0.7%)	(2.2%)	(3.9%)
 Number of fund members at year end	 23,372	 21,882	 20,559	 19,299	 17,915
Number of active fund members	7,042	6,649	6,321	6,217	6,417
Number of pensioners	1,204	1,057	972	761	713
Staff (full-time equivalent position)	22	20	20	19	18
 Pensions as percentage of premiums	 32,7%	 33,1%	 34,1%	 33,4%	 29,8%




FINANCIAL INDICATORS, contd.

Defined benefit plan	2016	2015	2014	2013	2012
Total premiums	4,725,663	4,261,382	3,849,361	3,698,991	3,541,694
Total pensions	1,595,422	1,468,845	1,313,443	1,237,641	1,059,609
Total net investment income	2,512,047	6,798,780	5,364,985	4,965,185	8,228,248
Total operating expenses	230,147	229,449	218,971	194,227	184,680
Increase in net assets for pension payments	5,415,431	9,363,888	7,683,799	7,234,824	10,551,742
Operating expenses as percentage of premiums	4.9%	5.4%	5.4%	5.3%	5.3%
Net investment income as % of average asset position	3.0%	8.5%	7.3%	7.4%	13.2%
Operating expenses as percentage of average asset position	0.27%	0.29%	0.30%	0.29%	0.30%





FYLGISKJÖL



ÚTDRÁTTUR ÚR FJÁRFESTINGARSTEFNU 2017

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim sem besta ávöxtun miðað við áhættu (skilgreind með flókti ársávöxtunar). Við fjárfestingarákvarðanir sjóðsins eru hagsmunir sjóðfélaga hafðir að leiðarljósi og miðað við að hámarka verðmæti eigna sjóðsins.

Sjóðstjórar skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli sjö ávöxtunarleiða og hversu mikla áhættu þeir vilja taka eða valið ávöxtunarleið í samræmi við aldur. Þeir geta einnig valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra á milli verðbréfasafna með það fyrir augum að draga úr vægi hlutabréfa og minnka áhættu eftir því sem nær dregur starfslokum. Þrjú verðbréfasöfn Ævisafn I, II og III eru með mismunandi eignasamsetningu og áhættu, tvö ríkissöfn sem fjárfesta í íslenskum ríkisskuldabréfum og innlánunum, Innlánaðissafn sem geymir eignir sínar á innlánsreikningum og Húsnæðissafn sem fjárfestir í veðskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum, ríkisskuldabréfum og innlánunum.

Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðs miðar að því að hámarka markaðsvirði eigna sjóðsins til lengri tíma. Sjóðurinn stefnir að því að stýra eignum með þeim hætti að lágmarka sveiflur í ávöxtun sjóðsins vegna verðsveiflna á markaði að því marki sem hægt er.

Almenni lífeyrissjóðurinn stefnir að því að halda fjárfestingarkostnaði í lágmarki þannig að ávöxtunin skili sér sem mest til sjóðfélaga.

Breytingar frá fjárfestingarstefnu 2016

Helstu breytingar í fjárfestingarstefnu fyrir árið 2017:

- Ný séreignarleið hefur litið dagsins ljós, Húsnæðissafn. Safnið fjárfestir í veðskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum, ríkisskuldabréfum og innlánunum. Safnið hentar þeim sem vilja nýta séreignarsparnað til að safna fyrir kaupum á fyrstu fasteign og/eða greiða inn á fasteignalán.
- Vægi einstakra flokka skuldabréfa í fjárfestingarstefnunni hefur verið breytt, m.a. til samræmis við vægi þessara útgefanda á skuldabréfamarkaði. Þannig hefur hlutfall veðskuldabréfa (sjóðfélagalána) og fjármálastofnana/sértryggðra skuldabréfa verið aukið. Á móti lækkar m.a. hlutfall ríkisskuldabréfa. Þessi þróun endurspeglar þá breytingu sem orðið hefur á íbúðalánamarkaði. Íbúðalánasjóður er ekki lengur stærsti lánveitandi húsnæðislána til einstaklinga, það hlutverk hefur færst til fjármálastofnana og lífeyrissjóða. Búast má við að þessi þróun haldi áfram á næstu árum og það mun hafa áhrif á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins.
- Söfn lífeyrissjóðsins eru nokkuð frá stefnu í erlendum eignum vegna gjaldeyrishafta sem hafa verið í gildi undanfarin ár. Frá miðju ári 2015 hefur Seðlabanki Íslands heimilað lífeyrissjóðum að fjárfesta erlendis upp að ákveðnu hámarki. Líklegt þykir að framhald verði á þessum heimildum og gert er ráð fyrir að söfn lífeyrissjóðsins nái stefnu um erlendar fjárfestingar á næstu 4–7 árum.
- Í fjárfestingarstefnunni er nú umfjöllun um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og tilgreint með hvað hætti lífeyrissjóðurinn fylgir eftir stefnu sjóðsins, en sjóðurinn horfir m.a. til viðmiðunarreglna Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN Principle of responsible investment).

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Samtryggingarsjóður

Ellilífeyrir til æviloka
Örorkulífeyrir
Makalífeyrir
Barnalífeyrir

Séreignarsjóður

Ævisafn I
Ævisafn II
Ævisafn III
Húsnæðissafn
Innlánasafn
Ríkissafn langt
Ríkissafn stutt

Ævileiðin

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins eru átta, sjö fyrir séreignarsjóð og ein fyrir samtryggingarsjóð.

- Ný lög um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða voru samþykkt á Alþingi í október 2016 og taka gildi þann 1. júlí 2017. Lögin taka mið af vinnu nefndar hagsmunaaðila sem skipuð var á árinu 2013. Nokkrar breytingar eru gerðar á eignaflokkum (magntakmörkun) og einnig á hámarksvægi á útgefendur (mótaðilaáhætta). Öll söfn Almenna lífeyrissjóðsins eru innan þeirra marka sem tilgreind eru í nýjum lögum um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.
- Áhættustýring sjóðsins byggir m.a. á leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu frá FME. Kafli VI um áhættustefnu (útdráttur) er uppfærður með hliðsjón af uppfærðri áhættustefnu sjóðsins, samþykkt af stjórn lífeyrissjóðsins í nóvember 2016.

Hér á eftir er að finna fjárfestingarstefnu ávöxtunarleiðanna. Fyrri taflan (bls. 85) sýnir fjárfestingarstefnu blandaðra safna Almenna lífeyrissjóðsins, þ.e. fjárfestingarstefnu ævisafnanna þriggja og fjárfestingarstefnu samtryggingarsjóðs.



ÚTDRÁTTUR ÚR FJÁRFESTINGARSTEFNU 2017, frh.

Fjárfestingarstefna í %	Ævisafn I		Ævisafn II		Ævisafn III		Samtryggingarsjóður	
	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf og innlán	30,0%	+30/-0	50,0%	+20/-10	80,0%	+15/-10	50,0%	+35/-10
Innlán, laust fé	1,0%	+10/-1	2,0%	+10/-2	20,0%	+15/-10	2,0%	+10/-2
Með ábyrgð íslenska ríkisins	12,0%	+15/-6	20,0%	+20/-10	24,0%	+25/-12	20,0%	+25/-10
Með ábyrgð erlendra ríkja	1,5%	+6/-1,5	1,0%	+4/-1	0,5%	+2/-0,5	1,0%	+4/-1
Bæjar- og sveitarfélög	3,0%	+10/-3	5,0%	+10/-5	6,0%	+12/-6	5,0%	+10/-5
Fjármálastofnanir	0,0%	+3	0,0%	+4	0,0%	+4	0,0%	+4
Fjármálastofnanir - sértryggt skuldabréf	3,0%	+6/-3	5,0%	+10/-5	8,5%	+10/-8,5	5,0%	+10/-5
Veðskuldabréf	7,5%	+10/-5	13,0%	+10/-8,5	17,0%	+10/-13	13,0%	+10/-8,5
Önnur skuldabréf	2,0%	+10/-2	4,0%	+10/-4	4,0%	+10/-4	4,0%	+10/-4
Hlutabréf og framtakssjóðir	70,0%	+0/-30	50,0%	+10/-20	20,0%	+10/-15	50,0%	+10/-35
Innlend hlutabréf og innlendir framtakssjóðir	12,0%	+8/-8	10,0%	+7/-6,5	4,0%	+3/-2,5	10,0%	+7/-6,5
Innlend hlutabréf	9,0%	+6/-5	7,5%	+5/-4	3,0%	+3/-1,5	7,5%	+5/-4
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar	3,0%	+4/-3	2,5%	+3/-2,5	1,0%	+1,5/-1	2,5%	+3/-2,5
Erlend hlutabréf og erlendir framtakssjóðir	58,0%	+8/-30	40,0%	+16,5/-21	16,0%	+12,5/-13	40,0%	+16,5/-30
Erlend hlutabréf	51,0%	+15/-23	35,0%	+21,5/-16	14,0%	+14,5/-11	35,0%	+21,5/-25
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar	7,0%	+7/-7	5,0%	+5/-5	2,0%	+2/-2	5,0%	+5/-5
Eignastýringaraðferðir								
Virk stýring innlendra hlutabréfa	100%		100%		100%		100%	
Hlutlaus stýring innlendra hlutabréfa	0%		0%		0%		0%	
Virk stýring erlendra hlutabréfa	37,0%	+15/-20	37,0%	+15/-20	37,0%	+15/-20	37,0%	+15/-20
Hlutlaus stýring erlendra hlutabréfa	63,0%	+20/-15	63,0%	+20/-15	63,0%	+20/-15	63,0%	+20/-15
Ávöxtun og áhætta, %								
Vænt ávöxtun	8,2%		7,7%		6,4%		7,8%	
Flókt ársávöxtunar, %	11,8%		8,8%		4,2%		8,9%	
Viðmiðun, %								
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 9 ár							49,0%	
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 8 ár	28,5%		49,0%					
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 6 ár					61,5%			
Erlend ríkisskuldabréfavísitala, Citi WGBI 3-7 ár	1,5%		1,0%		0,5%		1,0%	
Vísitala aðallista	12,0%		10,0%		4,0%		10,0%	
Heimsvísitala hlutabréfa	58,0%		40,0%		16,0%		40,0%	
Meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyrisreikningum hjá viðskiptabönkum					18,0%			
Viðmiðun fyrir meðaltíma skuldabréfa	8 ár		8 ár		6 ár		9 ár	
Leyfilegur meðaltími safna	6-11 ár		6-11 ár		4-8 ár		6-12 ár	



ÚTDRÁTTUR ÚR FJÁRFESTINGARSTEFNU 2017, frh.

Fjárfestingarstefna í %	Ríkissafn langt		Ríkissafn stutt		Innlánasafn		Húsnæðissafn	
	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf og innlán	100%	0	100%	0	100%	0	100%	0
Innlán, laust fé		+30	20%	+50/-20	100%	0	15%	+85/-10
Með ábyrgð íslenska ríkisins	100%	+0/-30	80%	+20/-50			15%	+35/-15
Fjármálastofnanir - sértryggð skuldabréf							30%	+20/-30
Veðskuldabréf							40%	+20/-40
Ávöxtun og áhætta, %								
Vænt ávöxtun		6,5%		4,8%		5,5%		5,8%
Flókt ársávöxtunar, %		6,6%		2,4%				2,1%
Viðmiðun, %								
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 10 ár		100%						
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 5,7 ár							100%	
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 1 ár				100%				
Meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyrisreikningum hjá viðskiptabönkum						100%		
Viðmiðun fyrir meðaltíma skuldabréfa		10 ár		1 ár				5,7 ár
Leyfilegur meðaltími safna		7–13 ár		0,5–3 ár				3,5–8 ár

Seinni taflan sýnir fjárfestingarstefnu safna sem fjárfesta eingöngu í skuldabréfum og innlánum, þ.e. fjárfestingarstefnu Ríkissafns langs, Ríkissafns stutts, Innlánasafns og Húsnæðissafns.

Í töflunum eru eftirfarandi upplýsingar:

Fjárfestingarstefna

Fremst í hverju safni kemur fram langtíamarkmið um eignasamsetningu safnsins, síðan upplýsingar um vikmörk, sem segja til um leyfileg frávik frá langtíma stefnunni.

Eignastýringaraðferðir

Í Ævisöfnum I, II, III og samtryggingarsjóði er stefnt að því að 63% af erlendra hlutabréfaeign og framtaksfjárfestingum sé fjárfest í sömu hlutföllum og hlutabréf viðkomandi fyrirtækja vega á markaði. Fyrir fjárfestingar í innlendum hlutabréfum er stýringin að öllu leyti virk.

Ávöxtun og áhætta

Vænt ávöxtun og flókt ársávöxtunar taka mið af fjárfestingarstefnu hvers safns fyrir sig og byggja á spá um ávöxtun helstu verðbréfaflokka 2017–2021 og sögulegum gögnum um flókt og samfylgni ávöxtunar m.v. mánaðarlegar mælingar á árunum 1998 til október 2016.

Viðmiðunarvísitala

Viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Ævisöfn I og II hefur 8 ára meðaltíma, fyrir samtryggingarsjóð 9 ára meðaltíma og fyrir Ævisöfn III 6 ára meðaltíma. Þessar vísitölur eru settar saman úr skuldabréfavísitölum NASDAQ OMX Iceland (kauphallarinnar) og erlendra ríkisskuldabréfavísitölu, Citi WGBI 3–7 ár. Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf er vísitala heildarávöxtunar aðallista kauphallarinnar og fyrir erlend hlutabréf er notuð heimsvísitala MSCI.

Viðmiðunarvísitala fyrir Ríkissafn langt er 10 ára verðtryggð skuldabréfavísitala kauphallarinnar. Viðmiðunarvísitala fyrir Ríkissafn stutt er 1 árs óverðtryggð skuldabréfavísitala kauphallarinnar. Viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Húsnæðissafn hefur 5,7 ára meðaltíma og er sett saman úr skuldabréfavísitölum kauphallarinnar. Viðmiðun fyrir Innlánasafn er meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyrisreikningum hjá innlendum viðskiptabönkum.

Fjárfestingarstefnuna í heild sinni má nálgast á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is. Sjóðfélagar geta einnig komið á skrifstofu sjóðsins og fengið prentað eintak eða hringt og óskað eftir að fá fjárfestingarstefnuna senda í pósti.



ÚTDRÁTTUR ÚR ÁHÆTTUSTEFNU 2017

Áhættustefna Almenna lífeyrissjóðsins er hluti af innra skipulagi sjóðsins og lýsir mati stjórnar og stjórnenda á helstu áhættum sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, hvernig áhættunni er stýrt og hvernig eftirliti er háttað. Stjórn sjóðsins setur áhættustefnuna í samræmi við lög, reglur og tilmæli. Markmiðið er að auka öryggi í starfsemi sjóðsins til hagsbótar fyrir sjóðfélaga.

Áhættustýring felur í sér hringrás endurtekinna verkefna sem miða að því að draga úr áhættu í starfsemi sjóðsins. Allir starfsmenn hafa hlutverk í skipulagi innra eftirlits og áhættustýringar í samræmi við stefnur, verkferla, verklagsreglur, gátlista o.fl. Í skipulagi Almenna lífeyrissjóðsins hefur áhættustjóri umsjón með innra eftirliti og ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu til stjórnar. Áhættustjóri er ráðinn af stjórn sjóðsins og starfar óháð öðrum starfseiningum. Aðrir stjórnendur taka þátt í áhættustýringunni í samræmi við innra skipulag, áhættustefnu og verkferla.

Áhættugreining

Stjórnendur sjóðsins framkvæma árlega sérstaka greiningu sem byggir á að yfirfara allar áhættur í rekstri sjóðsins, meta afleiðingar þeirra, skipuleggja eftirlit með þeim og viðbrögð sem eftirlitið getur leitt til ef það sýnir stöðu utan viðmiða. Á grundvelli áhættugreiningarinnar eru skráðir verkferlar með lýsingu á eftirlitsaðgerðum og viðbragðsáætlun ef eftirlitið sýnir frávik frá skilgreindum mörkum fyrir áhættu.

Áhættumat

Stjórnendur sjóðsins leggja mat á líkindi og afleiðingar þess fyrir sjóðinn að atburðir þróist þannig að einstök greind áhætta samkvæmt áhættugreiningunni verði að veruleika.

Metin er þróun rekstrarumhverfis liðins árs og væntinga um breytingar til framtíðar með það að markmiði að meta breytt vægi einstakra áhætta í rekstri sjóðsins hvað varðar líkindi og afleiðingar fyrir sjóðinn.

Áhættustefna

Áhættustefna sjóðsins er afrakstur áhættugreiningar og áhættumats stjórnenda sjóðsins en þar eru skilgreindir 31 áhættupættir sem sjá má í töflunni hér fyrir neðan.

Fjárhagsleg áhætta

Vaxtaáhætta
Uppgreiðsluáhætta
Markaðsáhætta
Gjaldmiðlaáhætta
Ósamræmisáhætta
Verðbólguáhætta
Eignir utan efnahagsreiknings

Mótaðilaáhætta

Útlánaáhætta
Hlutabréf
Samþjöppunaráhætta
Landsáhætta
Afhendingaráhætta
Uppgjörsáhætta

Lífeyristryggingaráhætta

Skerðingaráhætta
Iðgjaldaáhætta
Umhverfisáhætta
Lýðfræðileg áhætta
Réttindaflutningsáhætta
Lausafjáraáhætta
Seljanleikaáhætta
Útstreymisáhætta

Rekstraráhætta

Starfsmannaáhætta
Áhætta vegna svika
Upplýsingatækniáhætta
Orðsporsáhætta
Lagaleg áhætta
Skjalaáhætta
Úrskurðaráhætta lífeyris
Áhætta vegna útvistunar
Upplýsingaáhætta
Frávikaáhætta

Í stefnunni er sundurliðuð greining áhættupátta og mat stjórnar og stjórnenda á mikilvægi hvers áhættupáttar í rekstri sjóðsins. Tilgreint er hvaða deild viðkomandi áhætta tilheyrir og ber skráður eigandi áhættu ábyrgð á greiningu

og mati við árlega uppfærslu. Við hverja eftirlitsaðgerð er tilgreindur umsjónaraðili og að auki tíðni og tímasetning framkvæmdar eftirlitsaðgerða í hverju tilviki. Jafnframt eru í áhættustefnunni tilgreindar viðmiðanir fyrir áhættur sem stjórnendur telja ásættanlegt að taka varðandi einstakar áhættur (þar sem því verður komið við) og reglulegar eftirlitsaðgerðir til sannprófunar á hlítingu viðmiðanna.

Áhættueftirlit

Áhættustjóri fylgist með dagskrá eftirlitsaðgerða og skráðum eftirlitsaðgerðum og skoðar hvort niðurstöður séu innan viðmiða fyrir viðkomandi áhættu. Mánaðarlega útbýr áhættustjóri skýrslur um framvindu áhættueftirlits sem stjórnendur yfirfara á fundi í hverjum mánuði. Skýrslurnar eru aðgengilegar fyrir stjórn og endurskoðunarnefnd á læstum vef sjóðsins. Ársfjórðungslega leggur áhættustjóri fyrir stjórn skýrslur um framvindu og niðurstöður áhættueftirlits eða oftast ef tilefni er til.

Mat á áhættueftirliti

Áhættustjóri er ábyrgðaraðili áhættustýringar og hefur umsjón og eftirlit með virkni áhættustýringar og áhættueftirlits, og fylgni starfsemi sjóðsins við áhættustefnu sem stjórn ákveður. Áhættustjóri heldur utan um framvindu áhættueftirlits og niðurstöður eftirlitsaðgerða. Áhættustjóri metur hvort framkvæmd og niðurstöður eftirlitsaðgerða séu í samræmi við áhættustefnu og annað skjalfest skipulag og/eða heimildir. Áhættustjóri rýnir í vinnuskjöl og útreikninga sem eru til grundvallar einstökum eftirlitsaðgerðum og dregur saman upplýsingar til kynningar fyrir stjórn og stjórnendur sjóðsins.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Stjórn og stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti ávallt sér að leiðarljósi. Með stjórnarháttafirlýsingu þessari er verið að uppfylla þær kröfur sem koma fram í 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða 335/2015. Við mótun stjórnarhátta hefur stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn vikur þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á www.leidbeiningar.is.

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðrum þeim lögum og reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi frá fjármálaráðuneytinu og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Lög og reglur sem varða starfsemi lífeyrissjóða má nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Í stjórn sjóðsins sitja sex aðalmenn og þrír varamenn. Stjórn sjóðsins er kosin af sjóðfélögum á ársfundi og eru kosnir tveir aðalmenn á hverju ári til þriggja ára og einn varamaður jafnlengi. Í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins sitja eingöngu sjóðfélagar. Stjórnin hélt 11 stjórnarfundir á árinu 2016 og 3 fundir á árinu 2017 og var stjórn ákvörðunarbær í öllum tilvikum. Varamenn eru boðaðir í forföllum aðalmanna og á tvo fundir á ári. Aðalmenn í stjórn sjóðsins eru Ólafur H. Jónsson, stjórnarformaður, Ástríður Jóhannesdóttir, varaformaður, Davíð Ólafur Ingimarsson, Hulda Rós Rúriksdóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Sigurjón H. Ingólfsson. Á blaðsíðu 8 eru frekari upplýsingar um skipan stjórnarinnar og á heimasíðu sjóðsins eru ítarlegar upplýsingar um hvern stjórnarmann og

kjörtímabil viðkomandi. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna og hefur einnig sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint ítarlega. Í starfsreglum stjórnar er fjallað um verksvið, málsvara, stjórnarfundir, ákvörðunarvald, fundargerðir, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd og eru nefndarmenn Gísli Hliðberg Guðmundsson, Eiríkur Þorbjörnsson og Davíð Ólafur Ingimarsson. Hlutverk nefndarinnar eru að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, eftirlit með endurskoðun ársreiknings og mat á óhæði endurskoðenda. Endurskoðunarnefnd starfar samkvæmt grein 6.5 í samþykktum en til viðbótar hefur stjórn sett endurskoðunarnefndinni starfsreglur þar sem hlutverk hennar er nánar skilgreint. Endurskoðunarnefnd hélt 3 fundir á árinu 2016 og 3 fundir á árinu 2017. Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og hefur samþykkt starfsreglur um störf hans. Stjórnin hefur einnig samþykkt verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna. Reglur þessar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Gunnar Baldvinsson. Framkvæmdastjóri boðar vikulega svokallaða rekstrarfundir með helstu stjórnendum sem eru Kristjana Sigurðardóttir fjárfestingarstjóri, Sigríður Ómarsdóttir skrifstofustjóri, Daníel Arason rekstrarstjóri, Helga Indriðadóttir sjóðstjóri, og Ólafur Heimir Guðmundsson áhættustjóri.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt skipulag innra eftirlits fyrir sjóðinn með það að markmiði að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum, reglum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé framfylgt. Skipulag innra eftirlits

tekur mið af reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

Stjórnin hefur einnig samþykkt fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, áhættustefnu til að setja viðmið um áhættutöku með því að greina áhættur sem sjóðurinn býr við, skilgreint eftirlitsaðgerðir og viðbrögð ef sjóðurinn fer út fyrir viðmið. Fjárfestingarstefnan er samin samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 966/2001 um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun og reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Við gerð áhættustefnu voru Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu samtryggingardeilda lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar hafðar til hliðsjónar.

Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar. Almenni lífeyrissjóðurinn telur mikilvægt að fyrirtæki og fjárfestar móti sér stefnu um umhverfismál og samfélagslega ábyrgð. Markmiðið er m.a. að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda, draga úr mengun, lágmarka starfssemi sem er skaðleg fyrir umhverfið, virða mannréttindi og réttindi starfsfólks og að innleiða góða stjórnarhætti. Almenni lífeyrissjóðurinn fylgir eftir stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar með því að tilgreina sérstaklega á minnisblöðum, við mat á fjárfestingarkostum, hvort og hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur um umhverfismál, samfélagslega ábyrgð og stjórnarhætti. Það á einnig við um fjárfestingu í innlendum og erlendum sjóðum en þá er kannað hvort rekstaráðili hafi mótað stefnu um ábyrgar fjárfestingar og taki tillit til hennar við val á fjárfestingum.

Stjórn hefur einnig samþykkt eigendastefnu sem er stefnulýsing um það hvernig lífeyrissjóðurinn beitir sér sem hluthafi í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í, þ.e. 5% eða hærri beinan eignarhlut í einstöku félagi eða þar sem



STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING, frh.

Lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags. Nýti sjóðurinn atkvæðarétt sinn á hluthafafundum í félögum þar sem hann á minni hagsmuna að gæta hefur hann stefnuna að leiðarljósi. Í eigendastefnunni er meðal annars fjallað um samskipti við fyrirtæki, stjórnarhætti, hlutahafafundi, stjórnarkjör og um starfskjör og hvatakerfi. Samkvæmt

eigendastefnunni er starfandi valnefnd sem velur hvernig sjóður ráðstafar atkvæðum sínum í stjórnarkjöri. Í valnefnd sitja tveir aðilar tilnefndir af stjórn og framkvæmdastjóri eða fjárfestingarstjóri.

Ytri endurskoðandi sjóðsins er Grant Thornton og innri endurskoðandi er PricewaterhouseCoopers.

Staðfesting stjórnar

Stjórn sjóðsins hefur sett saman stjórnarháttayfirlýsingu þessa eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita sem bestar upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins til sjóðfélaga, eftirlitsaðila og annarra aðila.

Samþykkt af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins 22. febrúar 2017.

